

ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

MARKAÐURINN



Sögurnar... tölurnar... fólkíð...


Miðvikudagur 27. febrúar 2008 – 9. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Uppgjörsárið á enda
Aðhald fram undan



Kauphallarsveiflur
Fjármálakreppa í
netbólustærð



Lífsstíll
Úrin eru
stöðutákn

16



DANSKE BANK Neita því að eiga íslensku bréfin sjálfir.

Danske bank á ekki bréfin

„Við eigum ekki þessi bréf og við viljum ekki eiga í keppinautum,“ segir Jonas Torp, talsmaður Danske bank.

Fram kom í Fréttablaðinu fyrir helgi að nafn bankans kæmi fyrir meðal stærstu hluthafa margra íslenskra félaga, eins og FL Group, Exista og SPRON. Glitnir og Bakkavör munu einnig vera í þessum hópi.

Jonas neitar að svara því hvort hugmyndin sé að skortselja bréfin. „Mér finnst rétt að taka það fram að Danske bank hefur ekki í hyggju að skaða einn eða neinn. Við bara kaupum og seljum eins og viðskiptavinir okkar bjóða hverju sinni.“

- íkh

FRÉTTIR VIKUNNAR

Skifubreytingar | Verslun Skifunnar í Smáralind verður lokað nú um mánaðamótin. Um leið verður sala á tónlist í verslunum BT færð undir nýtt merki Skifunnar Express. Þá er áformað að opna fyrir sumarið „tónlistarkaffihús“ tengt Skifunni á Laugavegi.

Kaupa Vogabæ | Mjólka hefur fest kaup á matvælafyrirtækinu Vogabæ, sem er einna þekktast fyrir Vogaidýfurnar. Mjólkurstöð Mjólku hefur í kjölfarið verið flutt í verksmiðjuhúsnæði Vogabæjar í Hafnarfirði.



Yfirtökur skoðaðar | Alfesca skoðar um þessar mundir yfirtöku á matvælafyrirtæki í Evrópu, að sögn Xaviers Govare, forstjóra félagsins. Hann vill þó ekki segja til um hvenær frekari fregna af henni sé að vænta. Þá segir hann hugsanlegt að Alfesca kaupi dreifingarfyrtæki á Ítalíu á árinu.

Sækja um leyfi | Viðskiptabönkum landsins fjölgar, gangi eftir fyrirætlanir VBS fjárfestingarbanka. Á aðalfundi bankans fyrir helgi samþykktu hluthafar hans að sótt verði um viðskiptabankaleyfi til Fjármálaeftirlits, VBS til handa.

Lækkar um helming | Laun Lárusar Welding, forstjóra Glitnis, lækka um helming, samkvæmt ákvörðun sem hann tók sjálfur. Hann lækkar úr 5,5 milljónum króna á mánuði í tæplega 2,8 milljónir. Lárus vill ganga á undan með góðu fordæmi í því erfiða umhverfi sem nú ríkir.

Íslensk skattyfirvöld vilja leyniupplýsingar

Þýsk yfirvöld vilja deila upplýsingum um leynireikninga í Liechtenstein. Skattrannsóknarstjóri íhugar að leita til þýskra eða norrænna yfirvalda.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Við fylgjumst með því hvernig norræn skattyfirvöld fá þessar upplýsingar. Við höfum auðvitað alltaf áhuga á að fá upplýsingar, en það yrði aldrei þannig að við myndum kaupa þær eins og þeir gerðu í Þýskalandi,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

Fram kemur í norrænum fjölmiðlum að skattyfirvöld í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi hafi þegar haft samband við þýsk stjórnvöld og óskað eftir að fá upplýsingar um leynireikninga í Liechtenstein. Það hafa yfirvöld í Hollandi einnig gert. Þá eru Danir að undirbúa sams konar beiðni.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir ekki ólíklegt að málið verði rætt við norræn skattyfirvöld. Þýsk stjórnvöld segjast hafa upplýsingar um 1.400 leynireikninga í Liechtenstein. 600 þeirra séu í eigu Þjóðverja en fólk af öðru þjóðerni eigi hina reikningana 800. Talið er að á fimmta þúsund manns tengist reikningunum.

Dæmi mun vera um að Íslendingur hafi geymt

eignir í Liechtenstein með svipuðum hætti.

Grunur er um að auðmenn hafi fært þangað fé til að fela fyrir skattyfirvöldum. Der Spiegel segir að milljarðar evra hafi farið framhjá skattyfirvöldum í Þýskalandi með þessum hætti. Tveir bankar í smárikinu séu nú til rannsóknar. Thorsten Albig, talsmaður þýska fjármálaráðuneytisins, segir í samtali við Financial Times, að þýsk yfirvöld séu tilbúin til að veita upplýsingar. Ekki verði óskað eftir greiðslu fyrir þær.

„Við höfum ekkert ákveðið í málinu og okkur hafa ekki verið boðnar upplýsingarnar,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir. „Þegar þar að kemur kunnum við að óska eftir þeim á grundvelli tvísköttunarsamninga við önnur Norðurlönd og Þýskaland.“

Björn Þorvaldsson, aðstoðarsaksóknari hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, segir að málið sé af því taginu að deildin og skattrannsóknarstjóri gætu átt um það samstarf. „Það er ekki komið svo langt, en ég útiloka ekki að efnahagsbrotadeildin muni taka þátt í því.“

Liechtenstein er á lista OECD yfir ósamvinnuþýðar skattaparadisir.

Stórkaupmenn kjósa um framtíðina

Kosið verður um aflagningu Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS) á aðalfundi félagsins 7. mars og um samninga við Samtök verslunar og þjónustu (SVP) um stofnun nýrra heildarsamtaka.

„Ég get staðfest að fram kom lagabreytingartillaga fyrir lok tilskilins frests,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri FÍS. Til þess að tillagan nái fram að ganga þarf stuðning tveggja þriðju atkvæða.

Tillöguna leggja fram Pétur Björnsson, stjórnarformaður Ísfells og fyrrverandi formaður

FÍS, og Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri PFAFF og formaður Félags kvenna í atvinnurekstri, en hún er fyrrverandi varaformaður FÍS.

Viðræður um sameiningu félaganna höfðu staðið um nokkurt skeið í haust, en voru lagðar til hliðar þegar ekki náðist einhugur í stjórn FÍS um stefnuna. Tillaga Péturs og Margrétar kemur því málinu aftur á dagskrá. „Við töldum málið komið það langt að okkur þótti rétt að leggja þetta fyrir félagsmenn,“ segir Margrét og telur mikinn

stuðning við stefnuna í félaginu. „Margir sjá hér tækifæri til að búa til langþráðan vettvang, þar sem fyrirtæki í verslun í landinu geta sameinast í einu hagsmunagæslufélagi. Það hefur alltaf staðið okkur nokkuð fyrir þrifum og veikt okkur gagnvart ýmsum aðilum, svo sem hinu opinbera, að við höfum ekki borð gæfu til að koma fram sem ein heild,“ segir hún og telur skiptingu félaganna í raun leifar frá fyrri tíð. „Núna teljum við bara að það sé svo miklu meira sem sameinar okkur en sundrar.“

- óká

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

Landsbankinn

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 15,6%*
GBP 5,9%*
DKK 4,7%*
USD 5,0%*
EUR 4,0%*
CAD 4,9%*

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslysingar og útráttar úr útboðslyngingum sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. jan. – 3. feb. 2008.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	0,4%	-19,1%
Bakkavör	-4,3%	-24,8%
Exista	-2,2%	-37,7%
FL Group	-2,6%	-31,6%
Glitnir	-2,7%	-18,5%
Eimskipafélagið	-4,8%	-16,6%
Icelandair	-4,7%	-9,2%
Kaupþing	-2,1%	-16,0%
Landsbankinn	-3,4%	-20,6%
Marel	-1,8%	-9,2%
SPRON	-2,0%	-36,5%
Straumur	-2,5%	-18,7%
Teymi	0,2%	-10,6%
Össur	1,2%	-5,5%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Magnús farinn úr Gnúpi



„Ég keypti úr Gnúpi áður en við seldum félagið,“ segir athafna- og útgerðar- maðurinn Magnús Kristinnsson í Vestmannaeyjum.

Gnúpur, sem Magnús átti með Kristni Björnssyni og Þórði Má Jóhannessyni, forstjóra félagsins, var um tíma einn af stærstu hluthöfum í FL Group og Kaupþingi. Félagið lenti í erfiðleikum fyrir síðustu áramót í kjölfar mikillar gengislækkunar á bréfum félagsins og hóf sölu

úr eignasafninu. Í kjölfarið mátti ætla að helstu verðmæti Gnúps hafi falist í skattalegu tapi.

Smáey, félag Magnúsar, er skráð fyrir tveimur prósentum í FL Group, er tólfsti stærsti hluthafinn, og með 2,12 prósent í Landsbankanum, er þar tíundi stærsti hluthafinn samkvæmt hluthafaskrá félagsanna frá í síðustu viku. Félagið á sömuleiðis 0,6 prósent hlut í Kaupþingi, sem það keypti af Gnúpi fyrir síðustu áramót.

„Ég get ekkert tjáð mig um málið, er bundinn trúnaði,“ segir Lárentsínus Kristjánsson, hæstaréttarlögmaður hjá Lögmönnum Reykjavíkur, sem nú fer með mál Gnúps. „En starfsemin er lítil og staðan ekki góð.“ - job

Lítill þolinmæði



KRISTINN HALLGRÍMSSON Tökum þann tíma sem við þurfum.

„Það stýttist í þetta, en þetta verður sjálfsagt ekki fyrr en í mars,“ segir Kristinn Hallgrímsson, formaður skilaneftar Eignarhaldsfélagið Gíft.

Ákveðið var í sumar að slíta félaginu og stofna upp úr því Fjárfestingafélagið Gíft. Til stóð að birta í september hverjir ættu Gíft, en allir tryggingatakar Samvinnutrygginga á tilteknu tímabili, eiga hlut í félaginu.

Þeir eru margir orðnir langeygir eftir svörum.

„Þetta verður gefið upp þegar við höfum lokið okkar vinnu. Við tökum bara þann tíma sem við þurfum í þetta,“ segir Kristinn. - ikh

Evruneftnd skilar sínu

Nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir lagaumhverfi hér vegna væntanlegrar evruskráningar hlutabréfa skilar niðurstöðum sínum á morgun, fimmtudag.

Jón Sigurðsson, hagfræðingur, fyrrum ráðherra, seðlabankastjóri og aðalbankastjóri Norræna fjárfestingarbankans, hefur stýrt nefndarstarfinu og segir það hafa gengið vel, en yfirlýst markmið nefndarinnar var að skila niðurstöðum fyrir mánaðamótin. „Starfinu er að ljúka og gott samkomulag um niðurstöðuna,“ segir hann.

Evruskráning hlutabréfa frestaðist fyrir áramót þegar



JÓN SIGURÐSSON Jón er formaður nefndar sem farið hefur yfir lagaumhverfi hér með tilliti til mögulegra breytinga vegna evruskráningar hlutabréfa. MARKAÐURINN/ANTON

fram komu athugasemdir frá Seðlabanka Íslands við fyrirhugaða framkvæmd hennar. Að því er stefnt að Seðlabanki Finnlands taki síðar á þessu ári að sér upp- gjör viðskipta með hlutabréf í evrum í OMX Kauphöll Íslands. - óká

Seðlabankinn neitar greiningardeildum

Greiningardeildir bankanna fengu afsvar frá Seðlabankanum þegar þær fóru þess á leit að sitja fundi með bankastjórn og fjölmiðlum. Fordæmin vantar segir Seðlabankinn.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Bankastjórn Seðlabanka Íslands kveðst ekki sjá til þess forsendur að fulltrúar greiningardeilda bankanna sitji fréttamannafundi bankastjórnar né heldur að bankastjórnin efni sérstaklega til funda með greiningardeildunum. Þetta kemur fram í svari bankastjórnar Seðlabankans til forstöðumanna greiningardeilda stóru viðskiptabankanna þriggja um miðjan mánuðinn.

Greiningardeildir bankanna sendu Seðlabankanum sameiginlega erindi nokkrum dögum fyrr þar sem þess er farið á leit að bankastjórn Seðlabankans rökstyðji ákvörðun sína um að neita fulltrúum greiningardeilda bankanna um að sitja fjölmiðlafundi þar sem bankastjórnin kynni stýrivaxtaákvörðanir sínar og svara fjölmiðlum. Undir bréfið rita Ásgeir Jónsson fyrir Kaupþing, Edda Rós Karlsdóttir fyrir Landsbankann og Ingólfur Bender fyrir Glitni.

Greiningardeildirnar eru með töluverða útgáfu á netinu og fréttaflutning bæði af viðskiptum og efnahagslífi. Veit Markaðurinn til þess að starfsmaður greiningardeilda að minnsta kosti eins bankans spurðist um það símleiddis fyrir áramót hvort hann mætti ekki sitja kynningarfund bankastjórnarinnar, en fékk þau svör að það mætti ekki. Hin eiginlega vaxtaákvörðun er á hendi seðlabankastjórnanna þriggja, en þeir hafa kosið að gefa greiningardeildum bankanna ekki kost á að spyrja þá beinna spurninga.

Í bréfi greiningardeildanna er sagt munu bæta gegnsæi og framgang peningastefnu Seðlabankans að fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum yrðu birtar opinberlega, líkt og þekkist hjá Seðlabanka Englands. „Að sama skapi myndi það auka gegnsæi verulega ef greiningardeildirnar fengju tækifæri til þess að spyrja bankastjórnina sjálfa spurninga



SEÐLABANKI ÍSLANDS Þessa dagana er napurt um að lístast hjá Seðlabanka Íslands sem og annars staðar í höfuðborginni. MARKAÐURINN/GVA

í tengslum við vaxtaákvörðanir líkt og fjölmiðlar hafa nú á sérstökum blaðamannafundum,“ segir í bréfinu.

Í svarbréfi Seðlabankans er hins vegar á það bent að því fari fjárfari að allir seðlabankar með verðbólgu- markmið birti fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum. Þá segist bankastjórnin ekki þekkja þess dæmi að fulltrúar greiningardeilda sitji fréttamannafundi bankastjórnar seðlabanka um vaxtaákvörðanir. „Þess má raunar geta að það er ekki algilt að fréttamannafundir séu haldnir um vaxtaákvörðanir,“ segir bankastjórnin í svarbréfi sínu og bendir á að sérfræðingur Seðlabankans fundi þegar sérstaklega með greiningardeildum bankanna. Samkvæmt heimildum Markaðarins gætir hins vegar nokkurrar óánægju með afsvar Seðlabankans hjá greiningardeildunum, því þótt þær séu ánægðar með aðgengi að sérfræðingum Seðlabankans vilji þær einnig fá að leggja spurningar fyrir bankastjórnina.

Kaupþing græðir á breytingum í Bretlandi

Ávinningur af því að leggja niður hluta starfsemi bankans er metinn á 98 milljarða króna.

Kaupþing Singer & Friedlander hættir starfsemi á sviði eignafjármögnunar og hrávörviðskipta- fjármögnunar auk þess sem gerðar hafa verið skipulagsbreytingar innan fyrirtækjasviðsins í Bretlandi.

Í tilkynningu Kaupþings til Kauphallar Íslands í gær kemur fram að breytingarnar séu síðasti liðurinn í endurskipulagningu rekstrarins í Bretlandi í kjölfar kaupa Kaupþings á Singer & Friedlander árið 2005.

Haft er eftir Ármanni Þorvaldssyni, forstjóra Kaupþings Singer & Friedlander, að bankinn beini nú kröftum sínum og fjármagni að kjarnastarfseminni í Bretlandi.

Í nýrri greiningu breska fjármálaþjónustubankans Fox-Pitt Kelton (FPK) sem gefin var út



ÁRMANN ÞORVALDSSON

eftir að tilkynnt var um breytingarnar eru þær lítar jákvæðum augum. „Auk þess að hafa góð áhrif á fjárhag bankans og fjármögnunar- þörf, sjáum við í ákvörðun bankans skref í þá átt að skerpa áherslur í að straumlínulaga reksturinn,“ segir Kim Bergoe, sérfræðingur greiningardeilda FPK.

Bendir hún á að lausafjárstaða Kaupþings sé afar góð og batni enn við endurskipulagninguna í Bretlandi sem áætlað er að bæti hag bankans um sem nemur einn milljarð evra, eða nálægt 98 milljörðum króna. „Efnahagsumhverfi dagsins er viðskiptamódeli Kaupþings í óhag, en að okkar mati virðast áhyggjur af lausafjárstöðu bankans tæpast eiga rétt á sér.“

Nýr forstjóri Sterling Airlines

Reza Taleghani tekur við starfi forstjóra Sterling Airlines A/S af Almari Erni Hilmarssyni. Stjórn félagsins tilkynnti um breytinguna í gær.

Almar Örn hefur stýrt Sterling Airlines í tæp þrjú ár. Reza hefur síðustu tíu ár starfað hjá JPMorgan í New York og London, en þar mun hann hafa unnið með mörgum helstu flugfélögum og félögum í flugrekstri víða um heim.



REZA TALEGHANI

Þorsteinn Örn Guðmundsson, stjórnarformaður Sterling Airlines, fagnar aðkomu Reza að félaginu og nýr forstjóri segist sömuleiðis spenntur að taka við. Í tilkynningunni kemur fram að hann hefji störf innan skamms eftir flutning til Kaupmannahafnar. „Reza og Almar munu vinna náð saman næstu vikur til að tryggja farsæl forstjóraskipti hjá félaginu,“ segir í tilkynningunni. - óká

Skipti líklega ein í Slóveníu

„Við höldum okkar viðræðum við slóvensku einkavæðingarnefndina áfram,“ segir Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta. Slóvenskir fjölmiðlar fullyrða að keppinautur Skipta hafi tekið aftur tilboð sitt í slóvenska landsmann.

Félögin Bain Capital, Axos Capital og BT buðu sameiginlega í tæplega helmingshlut slóvenska ríkisins í slóvenska landsmannum, Telekom Slovenije, á móti Skiptum, móðurfélagi Símans.

Brynjólfur Bjarnason segir að þessi tíðindi hafi engin áhrif á Skipti og viðræður þeirra. Mestu máli skipti að niðurstaða liggja fyrir sem fyrst.

Slóvensk fjarskiptayfirvöld ít-rekuðu á blaðamannafundi í gær að báðir bjóðendur hefðu frest til föstudags til að endurskoða



BRYNJÓLFUR BJARNASON Fréttir af því að keppinautarnir hætti við hafa engin áhrif á áform Skipta.

tilboð sín. Ákvörðun einkavæðingarnefndar landsins myndi svo liggja fyrir hinn 3. mars.

Hermt er í slóvenskum fjölmiðlum að Bain, Axos og BT hafi tilkynnt einkavæðingarnefndinni

að tilboð hópsins yrði ekki endurskoðað fyrir föstudag. Hópurinn er óánægður með tafir í viðræðuferlinu. Samkvæmt heimildum Markaðarins hjá slóvenskum fjarskiptayfirvöldum, var sú tilkynning tilefni blaðamannafundarins í gær.

Skipti höfðu áður skrifað einkavæðingarnefndinni og kom fram í yfirlýsingu frá henni fyrir helgi að Skipti hefðu einnig hóttað að taka tilboð sitt aftur.

Eitt meginskilyrðið fyrir einkavæðingu Landsímans hér á sínum tíma var að félagið yrði skráð á almennan hlutabréfamarkað, í síðasta lagi um síðustu áramót. Fjármálaráðherra veitti Skiptum undanþágu frá þessu, vegna viðræðna um kaup á slóvenska símanum. Skipti hafa lýst því yfir að félagið verði skráð á hlutabréfamarkað í mars. - ikh

15,7%*

PENINGAMARKAÐSSJÓÐURINN

– *besta ávöxtun árið 2007*

Fáðu góða ávöxtun á þína peninga og auktu ánægjuna með fjárhagslegri heilsu. Byrjaðu að safna með Peningamarkaðssjóðnum. Láttu hann svo vaxa og dafna. Upphæðin skiptir engu máli – byrjaðu bara.

Peningamarkaðssjóðurinn er frábær leið til þess að ávaxta sparifé þitt á öruggan hátt.

- Engin kaup- eða sölubóknun
- Ekkert lágmark á innborgun þinni
- Peningamarkaðssjóðurinn gaf 15,7%* vexti árið 2007 sem er hæsta ávöxtun sambærilegra sjóða


Peningamarkaðssjóðurinn er eitthvað fyrir alla – bæði konur og karla og fyrirtæki.

Kynntu þér **Peningamarkaðssjóðinn**. Talaðu við fjármálabjálfa Byrs verðbréfa í dag. Þú ert aðeins einu símtali frá því að ávaxta peningana þína á góðan og öruggan hátt. **Hringdu í 575 4000 eða skelltu þér á www.byr.is.**



Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.

BYR
VERÐBRÉF
Sími 575 4000 • byr.is



*Nafnávöxtun fyrir árið 2007 skv. www.sjodir.is.

Peningamarkaðssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu sjóðsins sem hægt er að nálgast á www.byr.is

Hættir að selja Lólítu-rúmin

Breska verslanakeðjan Woolworths hætti fyrr í þessum mánuði að selja svokölluð Lólítu-rúm eftir kvartanir frá samtökum foreldra þar í landi.

Dagblaðið Edmonton Sun segir starfsfólk verslunarinnar ekki hafa tengt rúmin, sem heita fullu nafni Lolita Midsleeper Combi og ætluð eru stúlkum frá sex ára aldri, við samnefnda bók rithöfundarins Vladimirs Nabokov frá árinu 1955.

Eins og þeir vita sem til þekkja ber aðalsöguhetja bókarinnar, Humbertert Humbert, hug

til tólf ára fósturdóttur sinnar. Sagan hefur í tvígang verið kvikmynduð, fyrst árið 1962 í leikstjórn Stanley Kubrick og aftur árið 1997.

Í blaðinu er haft eftir talsmanni verslanakeðjunnar að starfólk Woolworths hafi hvorki kannast við bókina né myndirnar og því ekki gert sér grein fyrir þessari óviðeigandi tengingu.

Stærsti hluthafi Woolworths er fjárfestingarfélagið Unity Investments, sem Baugur, FL Group og breski fjárfestirinn Kevin Stanford eiga saman.



Margir vilja kráakeðjuna

Bandarísku fjárfestingarfélagin Blackstone og CVC Capital Partners eru sögð íhuga að leggja fram tilboð í rúman helming hlutabréfa í bresku kráakeðjunni Mitchells & Butlers. Núverandi eigendur munu halda eftir hinum helmingi bréfa sinna gangi það eftir. Robert Tchenguiz, stjórnarmaður í Existu, á tæpan fjórðungshlut í kráakeðjunni.

Mitchells & Butlers er ein af stærstu kráakeðjum Bretlands. Yfirtökutilboð í hana liggur nú þegar fyrir frá helsta keppinaut-

inum, Punch Taverns, upp á tvo milljarða punda, jafnvirði um 260 milljarða íslenskra króna. Greitt verður fyrir kaupin með hlutabréfum í sameinuðu félagi.

Breska dagblaðið Guardian segir fjármálasérfræðinga hafa efasemdir um yfirtökuna vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum en lausafé er af mjög skornum skammti og lánsfé dýrt. Því geti kaup á helmingshlut í keðjunni verið fýsilegri kostur eins og staðan sé nú í stað þess að taka hana alla í einum bita.



Ekki minna atvinnuleysi

Minnsta atvinnuleysi í tvo áratugi mældist í nýliðnum janúar.

Atvinnuleysið mældist þá 0,9 prósent, að því er fram kemur í Vefriti fjármálaráðuneytisins, og breyttist ekkert frá desember.

Fjölgun hefur orðið í hópi þeirra sem hafa verið einn til tvo mánuði á atvinnuleysissskrá. Þeim sem hafa verið án vinnu í hálf tveimur árum eða lengur hefur hins vegar fækkað.

Fjármálaráðuneytið segir að enn flytjist útlendingar hingað til að vinna. Það bendi til spennu á vinnumarkaði.

Northern Rock skrófar fyrir ofurlánin

Breski bankinn Northern Rock hætti í síðustu viku að veita viðskiptavinum sínum sérstök vildarkjör sem veittu þeim kost á allt að 125 prósent láni gegn veði í fasteign. Þetta voru einhver vinsælustu lán bankans á síðasta ári, sem gáfu viðskiptavinum kost á að veðsetja sig í topp og vel það enda fengu þeir lán sem var 125 prósentum hærra en sem nam verði fasteignar þeirra.

Breska ríkið hefur ákveðið að ríkisvæða bankann tímabundið vegna þeirra vandæða sem hann hefur ratað í en hann hefur þurft að leita eftir háum neyðarlánum hjá breska seðlabankanum til að tryggja sig í lausafjárþurrðinni.

Breski veðmiðillinn Finance Markets segir bankann hafa verið



VIÐ NORTHERN ROCK Hætt er við að endurfjármögnun lána hjá viðskiptavinum Northern Rock geti orðið kostnaðarsamur gjörningur.

gagnrýndan harðlega fyrir of mikla útlánagæði, en útlit sé fyrir að hátt í 200 þúsund viðskiptavinir bankans neyðist til að endurfjármagna lán sín með enn dýrari lánnum. Það geti hins vegar reynst erfitt þar sem margir bankar hafi hert útlánareglur sínar til muna upp á síðkastið.

Enginn hagvöxtur í Bandaríkjunum

Fyrirverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna er svartstýnn á horfur í efnahagsmálum. Hann segir langt í viðsnúning.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skrifar

Bandarískt hagkerfi hefur staðnað og mun taka langan tíma að hrökkva í gang á ný. Þetta segir Alan Greenspan, fyrirverandi bankastjóri bandaríska seðlabankans, í erindi sem hann hélt á ráðstefnu um stöðu efnahagsmála í Jeddah í Sádi-Arabíu á mánudag. „Hagvöxtur í Bandaríkjunum stendur á núlli í dag,“ sagði hann.

Bandaríski seðlabankinn telur meiri líkur á því en minni að samdráttur á bandarískum fasteignamarkaði og lausafjárþurrð dragi úr bandarísku hagkerfi og muni hagvöxtur á árinu verða á bilinu 1,3 til tvö prósent í stað 2,5 prósentu hið mesta. Þá er hættu á enn frekari olíuverðshækkunum, sem nú stendur nálægt met hæðum – í rúmum 100 dölum á tunnu. Það þrýsti á aukna verðbólgu, að sögn fréttastofu Reuters. Þetta er í takti við spár bandarísku fjárfestingarbankanna Goldman Sachs og Merrill Lynch á dögunum.

Greenspan var talsvert í frammi á fyrri hluta síðasta árs þegar hann varaði ítrekað við vísbindingum um snarpa leiðréttingu á hlutabréfamörkuðum, sem hann sagði spennant um of, ekki síst í Bandaríkjunum og Kína. Þegar skellurinn var á seinni hluta árs þótti Greenspan vart hafa fengið betri auglýsingu fyrir sjálfsævisögu



BANKASTJÓRINN PRÉDIKAR Alan Greenspan, fyrirverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, segir hagvöxt í Bandaríkjunum standa á núlli. Geti það boðið hættunni heim aukist hann ekki fljótlega.

sína, sem fjallaði nokkuð jöfnu höndum um ævi hans og efnahagsmál.

En aftur að erindi Greenspans, sem sagði að eftir því sem núllstigið varaði lengur vestanhafs auki það hættuna á því að neytendur haldi að sér höndum sem muni hafa mikil áhrif á bandarískt efnahagslíf og skila sér í djúpu samdráttarskeiði. Aukin alþjóðavæðing síðastliðinna ára ýtir undir hrakspárnar, að hans mati, en Greenspan sér fyrir sér að talsvert sé í að góðra fréttu megi vænta

af bandarískum fasteignamarkaði áður en viðsnúningur verði. Samkvæmt nýjustu tölum um þróun á bandarískum fasteignamarkaði hefur sala á fasteignum verið með dræmasta móti, verðið lækkað um 4,6 prósent, og nýbyggingar færri en fyrri ár. Staðan hafi ekki verið með verra móti í áraradír. Því blási ekki byrlega ef hrakspár um hugsanlega aukningu á atvinnuleysi gangi eftir. Þegar botninn verði náð verði viðsnúningur. En ekki fyrr, að mati seðlabankastjórans fyrirverandi.

Iceland-keðjan komin í skólabækur

Rekstrarhagnaður Iceland-keðjunnar nam 60 milljónum punda, tæpum 7,9 milljörðum króna, fyrsta árið sem félagið heyrði undir Baug og tengda fjárfesta. Hagnaðurinn var 97 milljónir punda í hitteðfyrri og reiknað með að afkoman í ár nemi 130 milljónum punda.

Iceland-keðjan, sem selur frysta matvöru í rúmum 600 verslunum víðs vegar um Bretland, þykir ein besta fjárfesting sem Íslendingar hafa komið nálægt og skólabókardæmi í bókstaflegum skilningi – enda saga félagsins og frumkvöðlastarf stofnandans Malcolm Walker kennd í MBA-námi í Háskólanum í Reykjavík.

„Iceland gekk frábærlega á síðasta ári og hefur greitt niður mikið af skuldum sínum frá því



GUNNAR SIGURÐSSON Forstjóri Baugs er hæstánægður með væntanlega afkomu lágvöruverðskeðjunnar Iceland á síðasta ári.

félagið var endurfjármagnað í apríl í fyrra,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group. „Við erum mjög ánægð með stöð mála.“

Ölfusvatnið á Óskarsverðlauninum

Hollywood-stjörnurnar svöluðu þorstanum með íslensku vatni um helgina.

„Við unnum Óskarinn,“ segir Jón Ólafsson, stjórnarformaður Icelandic Water Holdings, sem selur átappað lindarvatn úr Ölfusinu víða um heim undir merkjum Icelandic Glacial.

Vatnið lá frammi á Óskarsverðlaunahátíðinni sem fram fór í Hollywood á sunnudagskvöld en gestum hátíðarinnar gafst áður en blásið var til uppskeruhátíðarinnar vestra kostur á að setja flöskur með vatninu úr Ölfusinu í gjafapoka ásamt annarri gjafavöru. Sérstaklega var vatnsins getið í fjölmiðlum víða um heim í gær og í fyrradag. Fjölmiðlar vitnuðu sérstaklega til leikstjórans Sergeis Bodrov frá Kasakstan, að hann

hefði aldrei séð neitt þessu líkt. Bodrov var tilnefndur fyrir myndina „Mongol“ í flokki bestu erlendu mynda sem fátt tók heim annað en gjafavöruna.

Jón er afar ánægður með kynningu vatnsins vestra enda stórt skref að komast inn fyrir dyr kvikmyndaheimsins. Þar er hann síður en svo ókunnur en Jón hefur frá Skífuárunum haldið vinfengi við Jim Gianopulos, nú forstjóra móðurfélags 20th Century Fox-kvikmyndaversins. Í ofanálag hefur hann margsinnis sótt heim kvikmyndahátíðina í Cannes – hefur átt þar hús um árabil – og auglýsti vatnið þar með eftirminni- legum hætti fyrir þremur árum.

Jón segir veg Icelandic Glacial hafa vaxið mjög frá fyrstu dögum. Vörumerkið hafi styrkst mjög í sessi í Bandaríkjunum upp á síðkastið. Jafnvel ratað á hvíta tjaldið en flöskurnar verða í um fjórutíu kvikmyndum á árinu og í sjónvarpsþáttum á borð við Desperate Housewives. Íslenskir biógestir geta nú þegar séð flöskur undir merkjum Icelandic Glacial í kvikmyndinni „27 Dresses“ sem er sýnd í bíóhúsum auk þess sem þeim mun bregða fyrir í nýjustu kvikmynd leikkonunnar Cameron Diaz, „What Happens in Vegas“, sem verður sýnd fljótlega.

„Flaskan er nú þegar í „treilernum“. Það er stórt skref út af



JÓN SVALAR ÞORSTA STJARNANNA Átappað vatn undir merki Icelandic Glacial stóð kvikmynda- stjörnurn til boða sem sóttu Óskarsverðlaunahátíðina um helgina.

fyrir sig,“ segir Jón Ólafsson, hress í bragði með árangurinn. Hann verður heiðursgestur á Íslenska markaðsdegi ÍMARK á

föstudag og mun þar fara yfir sögu Icelandic Glacial og átöppunarverksmiðjunnar í Ölfusinu.



Porsche 911 Carrera 4

**Við skrifuðum ekki sögu fjórhjóladrifsbílsins.
Bara skemmtilegu kaflana.**

Porsche 911 Carrera 4




PORSCHE

**Bílaúð
Benna**

Bílaúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is
www.porsche.is

HAGNAÐUR FYRIRTÆKJA SEM MYNDA ÚRVALSVÍSITÖLUNA Á ÁRUNUM 2005, 2006 OG 2007



Uppgjörin komin í hús:

Uppgjörshrinunni í Kauphöllinni er lokið. Fjármálasérfræðingar segja síðasta ár hafa í grunninn verið gott þrátt fyrir snarpa dýfu á síðasta fjórðungi sem fáir hafi séð fyrir. Fram undan er að draga úr kostnaði og stíga varlega til jarðar. Jón Adalsteinn Bergsveinsson skoðaði stöðuna og komst að því að menn bíða enn góðra fréttu.

„Uppgjörin voru flest við eða undir væntingum,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans. Hún segir fjármagnskostnað víða hafa verið háan og reiknar með því að árið muni einkennast af aðhaldi og ráðdeild hjá flestum fyrirtækjum, hvort sem er í fjármálagreiningum eða hjá rekstrarfélögum. Aðrir fjármálasérfræðingar sem Markaðurinn ræddi við voru á svipuðu máli.

Uppgjörshrinunni fyrir afkomuna á síðasta ári lauk fyrir opnun markaða á föstudag í síðustu viku þegar Atorka Group skilaði afkomutölum sínum. Þar með höfðu öll félögin sem mynda Úrvalsvísitöluna gert upp síðasta ár.

Eins og við var að búast setti

lausafjárþurrð og þrengingar á fjármálamörkuðum um allan heim mark sitt á uppgjör íslenskra fyrirtækja með einum eða öðrum hætti, ekki síst í bókum banka, fjármála- og fjárfestingarfyrirtækja. Af árinu kom fjórði og síðasti fjórðungur ársins verst út.

REKSTURINN Í FÍNU LAGI

„Árið var í heild gott ef fjórða ársfjórðungi sleppir,“ segir Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Glitnis, spurður um álit á uppgjörum íslensku bankanna.

Hann og Edda segja bæði að uppgjör rekstrarfélaganna hafi verið ágæt. Bent hefur verið á að stærstu félögin, svo sem Alfesca, Bakkavör, Teymi og Össur hafi skilað ágætari afkomu í fyrra. Icelandair og Icelandic Group, sem bæði skiptu út forstjórum sínum á árinu, hafi hins vegar verið undir væntingum. Róðurinn geti orðið þungur hjá skuldsettum fyrirtækjum í ár.

Hagnaður bankanna stóru, Kaupþings, Landsbankans og Glitnis, auk fjárfestingarbankans Straums, nam 152 milljörðum króna. Þótt þetta sé rúmum 60 milljörðum krónum minna en í hitteðfyrra var haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, í Markaðnum fyrir nokkru að niðurstaðan sýni að fyrirtækin séu stöndug og langt frá því að komast á vonarvöl. Hafa ber í huga að þarsíðasta ár var metár hjá stóru bönkunum þrátt fyrir þrengingar á vordögum í kjölfar

Ár hagræðingar fram undan

erlendra greininga gegn þeim. Það kom ekki niður á afkomunni þótt verulega hafi snert við gengi hlutabréfa þeirra.

Grétar Már segir fyrri hluta síðasta árs hafa litið mjög vel út. Í raun lofað góðu. Úrvalsvísitalan hafi hækkað um fjórtíu prósent allt fram undir undir mitt ár þegar hún hafi tekið skyndilegan sveig í aðra átt. „Þetta var snarpur viðsnúningur á seinni helmingnum,“ segir Grétar.

„En ef afkoman er skoðuð eftir fjórðungum í fyrra var hún í takt við þróun á alþjóðlegum mörkuðum almennt,“ bætir hann við og leggur áherslu á að mestu hafi skipt að í því árferði sem verið hafi upp á síðkastið hafi grunnrekstur bankanna skilað sínu, verið í raun sterkur á meðan lausafjárþurrðin hafi riðið húsum á alþjóðavettvangi. Máli sínu til stuðnings bendir hann á að Kaupþing hafi náð því í fyrsta sinn að láta vaxtatekjur bankans, sem höfðu aldrei verið hærri, ná yfir allan rekstrar-kostnaðinn. „Það þýðir að reksturinn er gríðarlega sterkur.“

LÆRDÓMSRÍK LEXÍA

Flestir eru sammála um að dýfan á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem hófst um mitt síðasta ár hafi verið óvenjukröpp. Erfitt hafi verið að sjá hana fyrir þrátt fyrir að vísbendingar hafi verið uppi um hvert stefndi strax á vordögum í fyrra. Greiningardeild Kaupþings sagði fyrr á þessu ári að aðsteðjandi vandamál – kólnun á bandarískum fasteignamarkaði, yfirvofandi lausafjárþurrð, aukin verðbólga og hækkanði skuldatryggingaá-

lag, svo fátt eitt sé nefnt – hafi verið rætt í aðskildum hópum en aldrei á sama tíma. Yfirsýn hafi því ekki fengist á málinu. Svo hafi allir straumar stefnt að einum ósi, sem sé fátítt.

En þá var of seint að grípa í taumana.

Grétar segir aðdragandann hafa verið nánast engan. „Þetta var krappari beygja og nokkuð dýpri en menn bjuggust við. Menn voru ekki undirbúnir fyrir þessa snörpu lækkun og brugðust ekki við. Það er dýrkeypt lexía. Framvegis þarf að fylgjast betur með áhættuþáttum á erlendum mörkuðum og áhættusöm fyrirtæki þurfa að bregðast við með því að verja eigið fé sitt,“ segir hann.

SEGLIN DREGIN SAMAN

Forstjórar viðskiptabankanna hafa nær allir lagt línurnar fyrir það sem koma skal á þessu ári. Sterkar var vart að orði kveðið en í vikubyrjun þegar Lárus Welding, forstjóri Glitnis, ákvað að ganga fyrir skjöldu og lækka laun sín um helming. Fara þau við það úr 5,5 milljónum króna á mánuði, ef miðað er við laun hans á síðasta ári, í 2,8 milljónum króna. Með gjörningnum tekur Lárus undir með Þorsteini Má Baldvinsyni, sem boðaði aðhaldsaðgerðir og lækkaði stjórnarformannslaun sín hlutfallslega jafn mikið á aðalfundi bankans í síðustu viku.

Rekstrarkostnaður Glitnis var reyndar í herra lagi miðað við hina bankana á síðasta ári og boðaði Lárus aðhald á uppgjör-fundi bankans fyrr í mánuðinum.

Hinir bankarnir hafa enn sem komið er ekki tekið í sama streng en Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, sagði á síðasta uppgjörsfundi bankans að í ljósi erfiðra aðstæðna á fjármálamörkuðum verði áhersla bankans fremur á innri vöxt en stækkun. Bankinn hafði þá nýverið hætt við yfirtöku á hollenska bankanum NIBC.

Í svipaðan streng hafa fleiri tekið, svo sem stjórnendur FL Group, enda ljóst að mikill vöxtur íslenskra fyrirtækja upp á síðkastið skýrir að hluta háan rekstrarkostnað.

„Ég held að það séu komin mjög skýr skilaboð frá stærstu fyrirtækjunum um að draga úr kostnaði og auka aðhald,“ segir Grétar. „Það eru allir komnir í þennan gír. Það er hollt og sýnir hvar styrkleikarnir eru. Þó verður að hafa varann á að draga ekki of mikið til baka svo menn missi ekki af tækifæri þegar markaðurinn snýr við,“ segir hann og leggur áherslu á að menn verði að kunna varnarleik eins og í þeirri stöðu sem komin sé upp á skugga hás lánsfjárlarkostnaðar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Hvenær sá viðsnúningur verður nákvæmlega vildu fáir viðmælendur spá fyrir um. Slíkt sé enda erfitt. Menn bíði fréttu, einna helst góðra er líti að fjármögnun með skuldatryggingarálagi sem sé nær því sem eðlilegt geti talist en ekki hinu margfræga og ofurháa Íslandsálagi – sem sé út úr kortinu. „Allar slíkar fréttir eru góðar en eins og útlitið er núna bíða menn,“ segir Grétar.



EDDA RÓS KARLSDÓTTIR Forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans segir uppgjörin hafa verið við eða undir væntingum og muni árið einkennast af aðhaldi.

MARKAÐURINN/GVA




GRÉTAR MÁR AXELSSON Sérfræðingur greiningardeildar Glitnis segir grunnrekstur banka og fjármála-fyrirtækja hafa verið góðan á fjórða ársfjórðungi þrátt fyrir hræringar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

MARKAÐURINN/PIJÉTUR

Besta ávöxtunin 2006–2007*

Stilltu á hæsta!

22,3%



Alþjóðlegur hlutabréfasjóður

Við stofnun sjóðsins var markmið okkar að vera með hæstu ávöxtun sambærilegra sjóða. Til að ná settu marki stilltum við strax allt í botn. Að tveimur árum liðnum höldum við okkar striki og erum með **22,3% meðalársávöxtun**, sem er besta ávöxtun 2006–2007.

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is


VERÐBRÉF

Niðursveiflan að nálgast netbóluna

Þegar netbólun sprakk árið 2000 fór Úrvalsvísitalan hér niður um 48 prósent. Í yfirstandandi þrengingum fjármálafyrirtækja nemur lækkunin frá hæsta gildi síðasta árs nú um 44 prósentum. Óli Kristján Ármannsson rifjar upp markaðsþrengingar síðustu ára og fjallar um horfur í fjármálageiranum.

Þrengingar þær sem fjármálafyrirtæki heimsins ganga nú í gegnum eru með þeim þungbærustu síðustu áratugi. Snjóbolti skuldavafninga tengdra undirmálslánunum í Bandaríkjunum hefur hlaðið meira utan á sig en svartsýnustu menn gerðu ráð fyrir. Íslenskir bankar þykja þó betur búnir undir að takast á við þrengingar sem þessar en margir erlendir bankar eftir nokkuð gagnvera tiltekt í rekstri árið 2006 og átaki í að fjármagna starfsemi sína fram í tímann.

HRIKTIR Í STÖÐUM EVRÓPU

Á Spáni eru bankar nær alfarið upp á Seðlabanka Evrópu komnir hvað varðar fjármögnun og í Þýskalandi lýsa menn stórfelldum áhyggjum af bönkum í ríkiseigu, en þar hefur ríkið þurft að hlaupa undir bagga með peningainngjöf til að forða þeim frá falli. Í nýlegri úttekt í Der Spiegel er velt upp þeirri spurningu hvort yfirstandandi fjármálakreppa sé sú versta í sögunni síðan árið 1931, en þar í landi, segir Wolfgang Reuter í grein sem hann ritaði fyrir helgi, munu „opinberir“ bankar hafa tekið jafnvel enn meiri áhættu tengda amerískum undirmálslánavafningum en bankar í Bandaríkjunum gerðu.

Í Bretlandi bíða svo eftirvæntingarfullir fjármálasérfræðingar eftir uppgjörum stórra banka sem væntanleg eru um og upp úr mánaðamótum. Bankar þar í landi, svo sem Northern Rock sem var þjóðnýttur síðasta föstudag eftir að ekki náðist á hálfu ári niðurstaða um sölu bankans, hafa ekki farið varhluta af fjármálaóroleikanum. Áður en til þjóðnýtingar Northern Rock kom hafði verið hafnað tilboði í bankann frá Richard Branson þar sem það var mat stjórnvalda að það næði ekki að bæta breskum skattgreiðendum þá 24 milljarða punda (rúmlega 3.100 milljarða króna) sem notaðir höfðu verið honum til stuðnings.

Núna er vandi breskra banka sagður tvíþættur því ofan á afskriftir vegna undirmálslána bætist niðursveifla á breskum húsnæðismarkaði. Fjárfestar bíða því fregna úr uppgjörum stærstu banka á næstu dögum, hvort þar gæti enn afskrifta vegna undirmálslána sem veikt gætu stöðu þeirra og stuðlað að lækkanði markaðsverði. „Búið er við að HSBC, sem birtir niðurstöður 3. mars næstkomandi, færi tap upp á meira en einn milljarð Bandaríkjadala [nærri 67 milljarða króna] í tengslum við bandarískar undirmáls eignir,“ segir í umfjöllun Mark Scott um bresku bankana í Spiegel fyrir helgi.

Ljóst má því vera að yfir gengur alvöru kreppa í fjármálaheiminum. Íslenskir bankar fara ekki varhluta af henni, þrátt fyrir góða

fjármögnun og þá staðreynd að vera lausir við skuldbindingar vegna undirmálslána. Á alþjóðlegum fjármálamörkuðum þar sem bankar fjármagna sig með sölu skuldabréfa virðast miðlarar hafa vantrú á íslensku efnahagslífi og meta stöðu íslensku bankanna svo að skuldabréf þeirra skuli bera áhættuálag umfram aðra sambærilega banka. Álagið er svonefnt skuldatryggingarálag (CDS) og nemur frá tveimur prósentustigum ofan á almenna millibankavexti, upp í um fimm prósentustig. Sérfræðingar íslensku bankanna hafa bent á að álagið sé óverðskuldað og úr tengslum við undirliggjandi stærðir í rekstri bankanna. Þau skilaboð virðast ná eyrum einhverra, en í umfjöllun Dow Jones Financial News síðasta mánudag um skuldatryggingarálag og horfur á þeim markaði er sérstaklega haft orð á því að CDS verði á skuldabréf íslensku bankanna sé orðið vel yfir „skynsamlegu“ álagi og að of mikið sé gert úr veikleikum bankakerfisins hér. Rifjað er upp að CDS-álag íslensku bankanna hafi hækkað mest þegar franskur bankinn Société Générale tilkynnti nýverið um tap vegna miðlaramistaka og tenginga við undirmálslán, en á hvorugu efni hafa íslensku bankarnir hönd í bagga.

MARKAÐSSVEIFLUR BORNAR SAMAN

Fjármálaóroleikinn hefur svo áhrif út á markaðinn og hefur stuðlað að lækkun á verði hlutabréfa um heim allan. Á fundi sem Félag um fjárfestatengsl hélt í Háskólanum í Reykjavík um miðjan janúar, þar sem fjallað var um stöðu fjármálafyrirtækja hér, kom fram í erindi Eddu Rósar Karlsdóttur, forstöðumanns greiningardeildar Landsbanka Íslands, að hér hafi fimm sinnum í sögu markaðsviðskipta komið til niðursveiflu á markaði sem varir lengur en 60 daga samfleytt.

Fyrsta langvinna lækkunin

7. maí 1997 til
5. febrúar 1998

378 dagar

Lækkun:


25%



Samanburðurinn leiðir í ljós að niðursveiflan núna er sú næstdýpsta á eftir því sem gerðist þegar netbólun sprakk árið 2000. Sú niðursveifla stóð í rúmt ár, en lækkanir hafa nú staðið í rúma átta mánuði og ekki hægt að slá því föstu að sjái fyrir endann á þeim.

Fyrsta langvinna lækkunin átti sér stað árið 1997 þegar markaðurinn lækkaði um 25 prósent. Sá lækkuferill tók um 190 daga áður en til viðsnúnings kom á ný. „Árið 2000 kom svo til netbólun, þegar met sem enn stendur var sett í lækkun á markaði, en hann fór niður um 48 prósent. Lækkunin tók rúmt ár,“ benti Edda Rós á og bætti við að eitt og hálf ár hefði tekið fyrir markaðinn að fara í hæsta gildi „nethæðarinnar“ á ný. „Erlendir markaðir voru hins vegar mun lengur að ná sér eftir netbóluna. Þannig var bandarískur markaðurinn rúmu ári lengur í lækkun en hér gerðist. Þar kemur ýmislegt til sem blés fyrr lífi í markaðinn hér, svo sem einkavæðing bankanna, skattalækkanir og þau áhrif sem urðu í kjölfar þessa.“ Árið 2004 varð svo leiðrétting á markaði með lækkun upp á tæp 19 prósent og þar á eftir kom til „íslensku mínikreppunnar árið 2006 þar sem íslenska hagkerfið þótti ótraust erlendis og hlutabréf lækkuðu um 24 prósent,“ segir Edda Rós.

Nýjasta sveiflan er svo sú sem enn stendur yfir og hófst á haustmánuðum síðasta árs, þótt færa megi fyrir því rök að lækkun hafi staðið allt frá hæsta gildi Úrvalsvísitölunnar



30. apríl 1991 til 23. apríl 1995
Davíð Oddsson



23. apríl 1995 til 28. maí 1999
Davíð Oddsson



30. apríl 1991 til 23. apríl 1995
Friðrik Sophusson



23. apríl 1995 til 16. apríl 1998
Friðrik Sophusson


16. apríl 1998 til 28. maí 1999



Geir H. Haarde



14. júní 1993 til 23. apríl 1995
Sighvatur Björgvinsson



23. apríl 1995 til 28. maí 1999
Finnur Ingólfsson



28. maí 1999 til 31. des. 1999
Finnur Ingólfsson



30. apríl 1991 til til 14. júní 1993
Jón Sigurðsson



BEIÐ Á HAFNARBAKKANUM
 Í Sundahöfn má sjá merki kólnunar í innflutningi, en þar bíða í hrönn-um nýir bílar þess innan um gáma að fara í sölu. MARKAÐURINN/GVA



í Kauphöllinni 18. júlí síðastliðinn, en þá sló hún í fyrsta skipti (og eina sinn til þessa) yfir níu þúsund stig, fór í 9.016. Síðasta föstudag var Úrvalsvísitalan 5.025 stig og hefur því lækkað um rúm 44 prósent. „Við erum langt komin í netbólulækkunina,“ segir Edda Rós, en bætir um leið við að hafa megi í huga að þegar netbólán sprakk hafi hér svo sem ekki verið mörg netfyrirtæki. „Þá lækkuðu nú bara öll fyrirtæki. Núna er í gangi fjármála- vandi og við svo sannarlega með fyrirtækin sem eru þar í eldlínunni. Hins vegar er það ekki svo að fyrirtækin okkar séu full af þeim vanda sem veldur þrengingunum heldur taka þau þessum alþjóðlegu afleiðingum,“ segir Edda Rós og bætir við að sérstaða íslensku bankanna verði svo aftur til þess að fjármála- kerfið hér finni meira fyrir afleiðingunum en ella. „Það er vegna þess hversu mikill vöxtur- inn hefur verið og hvernig við erum flokkuð sem nýmarkaður.“

Fjármálakreppan
 18. júlí 2007 til dagsins í dag.
+150 dagar
 Lækkun:
44%

Íslandsumræðan 2006
 15. febrúar 2006 til 27. júlí 2006
110 dagar
 Lækkun:
24%

Leiðréttingin 2004
 8. október 2004 til 4. janúar 2005
60 dagar
 Lækkun:
15%

Netbólán árið 2000
 3. apríl 2000 til 3. október 2001
372 dagar
 Lækkun:
45%



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Fyrstu raunverulegu viðbrögðin við lánakreppunni:

Trúverðugleikinn nú mikilvægari en ímynd

Björgvin Guðmundsson

Viðspyrna Íslendinga vegna kreppu á lánsfjármarkaði er farin í gang. Loksins.

Stjórnarformaður Glitnis sagði í hádegisviðtali við Markaðinn í gær að stefna bankans um vöxt yrði lögð til hliðar og starfsstöðvum fækkað. Það er eðlilegt að skera niður kostnað þegar tekjurnar dragast verulega saman og öll fjármögnun er dýrari. Þorsteinn Már Baldvinsson sagði líka að fjármálafyrirtæki og ríkisvaldið yrðu að taka höndum saman í að kynna raunverulega stöðu ríkissjóðs og fyrirtækjanna á erlendri grund. Þannig væri hægt að hafa áhrif á skuldatryggingarálagið til lækkunar. Þörfin á sameiginlegu átaki nú væri meiri en áður.

Kaupþing tilkynnti líka í gær aðgerðir til að lækka kostnað og auka lausafé bankans. Er talið að sala á hluta af starfsemi félagsins í Bretlandi leysi rúmlega 130 milljarða króna úr læðingi, sem styrkir eiginfjárstöðu bankans.

Strax í gærmorgun mátti sjá hækkun á gengi hlutabréfa Kaupþings í kauphöllunum. Fólk sem fylgist með markaðnum vill sjá raunverulegar aðgerðir til að mæta þeim erfiðleikum sem blasa við íslenska fjármálamarkaðnum.

Vandamálið núna snýst nefnilega ekki einungis um ímynd íslensks efnahags- og atvinnulífs erlendis eins og talað hefur verið um. Það snýst um trúverðugleika Íslendinga til að takast á við núverandi aðstæður. Erlendir greiningaraðilar eru ekki móttækilegir fyrir finum skýrslum um sterka stöðu fyrirtækja og ríkissjóðs, þótt slíkar upplýsingar geti haft góð áhrif. Beinir aðgerðir til að takast á við aðstæðurnar skipta meira máli.

Í því sambandi skipta aðgerðir Seðlabankans miklu máli. Í gær mátti líka sjá grein alþingismannanna Illuga Gunnarssonar og Bjarna Benediktssonar í Morgunblaðinu sem tók á þessum vanda. Er það fyrstu raunverulegu tillögur stjórnmalamanna til að mæta ástandinu.

Í heild er grein þeirra vel ígrunduð og hægt að taka undir það sem þar kemur fram. Sjálfsgagt er að lækka skatta á fyrirtæki, breyta Íbúðalánasjóði í grundvallaratriðum, auka gagnsæi fjármálamarkaða og stuðla að samstarfi fjármálafyrirtækja og opinberra aðila. Það þarf þó ekki að stofna opinbera rannsóknarmiðstöð heldur nýta þá krafta sem þegar eru til staðar eins og Hagfræðistofnun og Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál (RSE).

Nokkur atriði sem þingmennirnir nefna eru einna mikilvægust í fljótu bragði miðað við núverandi pólitískt landslag.

Nauðsynlegt er að flýta í gegnum Alþingi frumvarpi um sérvarin skuldabréf sem gerir bönkunum aðveldara að sækja fjármagn á markað eða í Seðlabanka Íslands. Einnig þarf að huga sérstaklega að stöðu sparissjóða gagnvart Seðlabankanum og aðgengi þeirra að lánsfé. Vandí þeirra er mikill.

Einnig myndi það auka trúverðugleika íslensks fjármálalífs ef farið yrði eftir ráðleggingum þingmannanna og gjalddeyrisvaraforði Seðlabankans yrði aukinn. Mikilvægt er að sjóðurinn sé trúverðug vörn fyrir krónuna og um leið öflugur bakhjarl fjármálakerfisins, sem margir efast um.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að stjórnendur Seðlabankans hlusti á þau sjónarmið sem erlendir seðlabankastjórnar og fræðimenn hafa sett fram um hlutverk seðlabanka við að viðhalda fjármálastöðugleika. Illugi og Bjarni taka sjónarmið Frederic S. Mishkin sem dæmi þótt þau séu fleiri. Hann segir að þegar lánsfjárraupstæði að, beri seðlabönkum að horfa á gögn um fjármálamarkaðinn, til dæmis lausafjárstöðu og skuldatryggingarálag fremur en upplýsingar um verðlag, framleiðslu og atvinnustig.

Gærdagurinn var jákvæður að því leyti að sjá mátti viðbrögð við þeim raunveruleika sem blasir við í íslensku fjármálalífi. Þessi viðbrögð miða fyrst og fremst að því að auka trúverðugleika atvinnulífsins fremur en að bæta ímyndina. Það skiptir meira máli til lengri tíma.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olrik@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Vandamálið núna snýst nefnilega ekki einungis um ímynd íslensks efnahags- og atvinnulífs erlendis eins og talað hefur verið um. Það snýst um trúverðugleika Íslendinga til að takast á við núverandi aðstæður. Erlendirgreiningaraðilar eru ekki móttækilegir fyrir finum skýrslum um sterka stöðu fyrirtækja og ríkissjóðs, þótt slíkar upplýsingar geti haft góð áhrif. Beinir aðgerðir til að takast á við aðstæðurnar skipta meira máli.

Tæknilegt alþjóðasamstarf

ORD Í BELG

Jeffrey D. Sachs
hagfræðiprófessor



Í byrjun febrúar lagði Verkfræðiakademía Bandaríkjanna fram skýrslu um helstu þrautirnar sem bíða verkfræðinga á 21. öld. Markmiðið er að beina athygli að möguleikum tækni og vísinda til að takast á við fátækt og umhverfisvá á heimsvísu.

Á listanum eru nýjungar sem gætu valdið straumhvörfum, svo sem ódýr sólarorka, skaðlaus geymsla koltvísýrings frá orkuverum, kjarnasamruni, tækninýjungar í menntun og kennslu og taumhald á umhverfislegum aukaverkunum af völdum köfnunarefnisáburðar. Rétt eins og áþekkur listi Gates-stofnunarinnar um helstu verkefni á sviði heilbrigðismála á heimsvísu, leggur skýrslan áherslu á nýtt hnattrænt forgangsverkefni: að stuðla að tækninýjungum í þágu sjálfbærrar þróunar.

Við erum von að hugsa um alþjóðlegt samstarf á sviði peningastefnu, sjúkdómavarna og taumhalds á útbreiðslu kjarnorku. Við erum ekki jafn von að hugsa um alþjóðlegt samstarf til að stuðla að tækninýjungum á borð við hreina orku, bóluefni gegn malaríu, eða nytjajurtir sem standast þurrka til að hjálpa fátækum bændum í Afríku. Tækninýjungar eru almennt taldar verða til innan fyrirtækja í þeim tilgangi að setja á markað frekar en að leysa vandamál á alþjóðavísu. En hinn feikilegi vandí sem heimurinn stendur nú frammi fyrir – þar á meðal gríðarlegur tekjumunur og víðfeðmur umhverfisskaði – krefst nýrra tæknilegra lausna. Það er til dæmis ómögulegt að auka orkunotkun í veröldinni með öruggum hætti án róttækra breytinga á raforkuframleiðslu, bílvélum og

húskyndingu. Það er einfaldlega of hættulegt að við höldum áfram að reíða okkur á kol, jarðgas og olíu án þess að skeyta um losun koltvísýrings, eins og við höfum gert hingað til. Það mun leiða til loftslagsbreytinga sem munu breiða út sjúkdóma, valda uppskerubrestum, þurrkum og flóðum og mögulega færa strandsvæði undir sjó.

Verkfræðiakademían hefur komið auga á nokkur möguleg úrræði. Hægt er að beisla örugga kjarnorku, lækka kostnað við sólarorku eða koma fyrir koltvísýringi sem sleppur út við eldsneytisbruna á öruggan hátt. Tæknin sem það krefst er ekki enn komin til sögunnar og við höfum hreinlega ekki tíma til að bíða eftir að markaðurinn þróa hana. Nýjungar af þessum toga þarfnast nefnilega flókinna breytinga á opinberri stefnu til að tryggja að þær séu öruggar, áreiðanlegar og að almenningur fallist á þær. Auk þess vantar hvata á markaðinn til að fá fyrirtæki til að fjárfesta mynduglega í slíkri tæknipróun. Tökum geyslu koltvísýrings sem dæmi. Hugmyndin er sú að orkuver geti fangað koltvísýringinn og dælt honum ofan í varanlega geysmlustaði neðanjarðar, til dæmis gamlar olíulindir. Hvert tonn af koltvísýringi sem komið er fyrir mun kosta um tvö þúsund krónur – fyrirtæki þurfa því ein-

hver hvata til að gera það. Hið opinbera þarf líka að stuðla að tilraunum og endurbótum á þessari tækni, sérstaklega þar sem um mikið magn er að ræða.

Reisa þarf ný orkuver til að gera geyslu koltvísýrings hagkvæma. Leggja þarf nýjar leiðslur til að dæla koltvísýringnum á geysmlustaði og hanna þarf nýtt eftirlitakerfi til að fylgast með leka. Þá þarf nýjar reglugerðir til að tryggja að öryggis sé gætt og stuðning almennings. Allt tekur þetta tíma, dýrar fjárfestingar og heilmikið samstarf milli vísindamanna og verkfræðinga í háskólum, ríkisstjórna, rannsóknarstofa og einkafyrirtækja.

Tækni af þessum toga verður þar að auki aðeins gagnleg ef notkunin verður almenn, sérstaklega í Kína og á Indlandi. Það skapar annað tæknilegt úrlausnarefni: að stuðla að útbreiðslu nýjunga í fátækum löndum. Ef ríku löndin einoka nýja tækni verður markmiðið um að leysa vandamál á heimsvísu að engu. Tæknipróun ætti því að fela í sér alþjóðlegt samstarf strax frá upphafi.

Allt krefst þetta nýrrar nálgunar við lausn aðkallandi vandamála. Við þurfum að setja alþjóðleg markmið og ræsa vísindalegt, verkfræðilegt og pólitískt ferli til að þeim verði náð. Búa þarf til fjárhagslegan hvata fyrir tilraunaverkefni og stuðla að útbreiðslu tækninýjunga. Við þurfum að finna nýja leið til að fá risafyrirtækin til að skuldbinda sig, til dæmis með árangurs tengdum umbunum, þó ekki svo að þau geti einokað nýjungar sem víða er þörf.

Ég tel að á komandi árum muni alþjóðleg stefnumótun snúast í auknum mæli um hnattrænt samstarf milli einkageirans og hins opinbera í þróun á tækninýjungum. Leitað verði nýrra leiða að hreinum orkubúskap, betri lyfjum og bóluefnum, endurbótum í fiskeldi, þróun nytjajurta sem þola þurrk og hita, sparneytnum bílum og ódýrum áveitukerfum.

Auðug lönd ættu að kosta miklu til í þessi verkefni og ættu að vinna að þeim í samstarfi við fátækari ríki og einkageirann. Vel heppnaðar tækninýjungar geta valdið straumhvörfum fyrir mannkynið. Það verður spennandi fyrir vísindamenn og verkfræðinga að glíma við þrautirnar á leiðinni til sjálfbærrar þróunar.

Höfundur er prófessor í hagfræði og forstöðumaður Jarðarstofnunarinnar (the Earth Institute) við Columbia-háskóla.



ORDSKÝRINGIN

Lánveitandi til þrautavara

Samkvæmt lögum getur Seðlabankinn, telur hann þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins, veitt lánastofnunum í lausafjávanda ábyrgðir eða lán til að koma í veg fyrir til dæmis bankakreppu. Sérstaklega er tekið fram að bankinn veitir ekki aðstoð til gjaldþrota lánastofnana eða lánastofnana með eiginfjárstöðu undir löglegum mörkum. Lánastofnanir sem til dæmis uppfylla ekki skilyrði um lágmarks eigið fé verða að leysa sín mál með nýju hlutafé.

Þetta er í samræmi við reglur sem gilda alls staðar á Norðurlöndum. Í þeim tilfellum þar sem banki telst vera gjaldþrota eða þar sem greiðslugeta hans er talin óviss skulu seðlabankarnir án tafar hafa samband við fjármálaráðuneyti í sínu ríki.

Ásgeir Jónsson hagfræðingur hefur lýst þessu þannig að allir bankar eigi við óbrúaðan tímavanda að etja á milli eigna og skulda. Skuldarnar – innlánin – eru til skamms tíma og laus til útborgunar hvenær sem er. Eignirnar – útlánin – eru til lengri tíma og lítt seljanlegar. Lausafjárforði bankanna er yfirleitt aðeins brot af heildarskuldbindingum. Bankarnir geta því ekki á neinum tíma staðið skil á skuld-



um sínum sé eftir þeim kallað. Af þeim sökum kallar þróað bankakerfi eftir Seðlabanka eða sambærilegri stofnun sem hefur það hlutverk að veita lán til þrautavara þegar kerfisbundinn lausafjárskortur skapast.

SAGAN Á BAK VIÐ BALDUR GUÐNASON FRÁFARANDI FORSTJÓRA EIMSKIPS

Styrkti knattspyrnudeild Þórs um fimm milljónir króna

Baldur Guðnason sagði upp forstjórastöðu sinni hjá Eimskipafélagi Íslands í síðustu viku. Kom það á óvart, sérstaklega í ljósi þess að ákveðið uppgjör var í stjórnendateymi félagsins þegar Magnús Þorsteinsson hætti sem stjórnarformaður 20. desember síðastliðinn. Opinber skýring Baldurs á brotthvarfi sínu er að hann hafi náð markmiðum sínum í rekstri Eimskipafélagsins og ætli að snúa sér að rekstri Sjafnar á Akureyri, sem er í hans eigu.

Baldur var framkvæmda-

stjóri Sjafnar þegar hann réð sig til Eimskips vorið 2004. Hann ólst upp fyrir norðan og er mikill stuðningsmaður Þórs á Akureyri. Faðir hans var mikill íþróttakappi og lék um árabil knattspyrnu með Þór. Í lokahófi knattspyrnudeildar Þórs í fyrra gaf Baldur deildinni fimm milljónir króna til að sýna félaginu, sem ól hann upp sem íþróttamann, þakklæti.

Eftir nám við Menntaskólanum á Akureyri tók Baldur sér frí frá námi. Hann hóf störf hjá Samskipum í Reykjavík og

vann hjá því fyrirtæki í fimmtán ár. Í átta ár var hann erlendis; í Rotterdam, Bremen og Hamburg. Hætti hann hjá Samskipum um áramótin 2000 og 2001.

Þegar hann kom heim aftur eignaðist hann efnaverksmiðjuna Sjöfn á Akureyri og stofnaði eignarhaldsfélag um fyrirtæki þar sem hann er aðaleigandi. Rak hann verksmiðjuna sjálfur í fjögur ár ásamt Steingrími Péturssyni þangað til hann var með stuttum fyrirvara ráðinn sem forstjóri Eimskips. Þá hafði hann setið í stjórn félagsins í um

sex mánuði eftir að Landsbankamenn urðu þar aðaleigendur.

Baldur var nokkuð umdeildur á Akureyri eftir að hafa rekið nokkra starfsmenn Sjafnar í endurskipulagningu fyrirtækisins. Það sagði Baldur nauðsynlegt til að snúa rekstrinum við, sem honum tókst.

Eftir að Baldur tók við forstjórastöðunni hjá Eimskip bjó hann á Seltjarnarnesi. Árið 2006 greiddi hann hæstu opinberu gjöldin á Reykjanesi, rúmlega 121 milljón króna.

Baldur á þrjú börn með Örnunni



Alfreðsdóttur, tvær stúlkur og einn dreng. Hann er rekstrarhagfræðingur að mennt og útskrifaðist með MBA-próf frá Háskólanum í Reykjavík árið 2002.

SPÁKAUPMAÐURINN

Ættarmót í Ölpunum

Því er ekki að neita að mér hefur liðið svolítið eins og á ættarmóti upp á síðkastið. Skiljanlegt svo sem ef ég væri staddur í Kringlunni eða á Laugaveginum, nú eða á 101 í hádegismat eða í fermingarveislu á Seltjarnarnesi. Öðru máli gegnir um Alpna.

Ég hafði nú reiknað með að fá fríð til að skíða niður snævi þaktar brekkurnar einn með fjöllumunum og familíunni með minninguna um Heiðu á bak við eyrað.


Hér úir og grúir af vinum og ættingjum, starfsmönnum bankanna sem hafa undanfarnar vikurnar flykkst hingað suður í djammið og hreina loftið. Og fríðurinn á enda. Eiginkona samferðafólks okkar kvartaði svo sáran yfir drykkjulátum og skrílháttum frá Frónbúum að þau kvöddu, skiptu um hótél, komu sér fyrir í ítölsku Ölpunum – til þess eins að hrekjast á braut niður til Feneýja þegar Íslendingarnir komu. Ég heyrði í þeim í fyrradag. Útlit fyrir að þau séu að koma aftur hingað uppeftir – jú, íslensku bankarnir komnir á staðinn.

Það lá við að þetta vinafólk okkar hringdi upp á dönsku blöðin. Léti þau vita af Íslendingunum ...

Ekki veit ég hverju sætir enda bendir fátt til þess að lausafjárþurrðin hafi bitið í buddur bankamanna – það sem þau drekka ...! Nema þau þori ekki að kíkja í veskið, gætu fundið skuldabréfavafning sem hafi gleymst frá síðasta uppgjöri.

Þetta er með ólíkindum enda virðist sem allir hópi sér saman um að fara á sama stað. Verslunarferð í Glasgow, Berlinallinn í Berlín, Cannes ... Alparnir. Í vikunni ætlum við að haska okkur niður í húsið á Costa del Sol. Þar er sól og fríður, ekkert kvabb frá fullu frændfólki sem skannar heitustu staðina. Enda liggur á að finna staði sem hreinlega eru dottnir úr tísku og koma ekki inn aftur fyrr en eftir nokkur ár. Svona rétt eins og á hlutabréfmarkaðnum.

Spákaupmaðurinn á horninu



Allt sem þú þarft...

...alla daga

Kompudagar í smáauglýsingunum

18.– 29. febrúar. Verð frá 990 kr.

Ertu að drukna í drasli? Vantar þig pláss? Er grillið fast í geymslunni? Er ekki kominn tími á vorhreingeringu? Skráðu smáauglýsinguna á visir.is eða hringdu í síma 512 5000 og seldu gamla dótið með lítilli fyrirhöfn.

visir.is

“...ég sá það á vísi”



KOSTIR SKATTALÆKKANA KYNNTIR Tryggvi Þór Herbertsson, Ragnar Árnason og Pétur Blöndal ræddu nýútkomna bók, sem RSE gefur út, á fundi í Iðná í fyrradag. Niðurstaðan var að tekjuskattar, sérstaklega stigvaxandi tekjuskattar, drægi úr vinnuframlagi, sem hefði áhrif á lífskjör allra.

Skuggahliðin á skattkerfinu útskýrð

Tekjuskattar draga úr vinnuframlagi einstaklinga og um leið þjóðarframleiðslu. Hagfræðiprófessor segir að fyrir vikið sé minna til skiptanna og það hafi áhrif á lífskjör allra.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

„Við vonumst auðvitað til þess, því við höfum trú á bókinni, að sem mest af því sem þarna kemur fram náist í gegn,“ sagði Ragnar Árnason hagfræðiprófessor þegar hann kynnti nýútkomna bók, Skattalækkunar til kjarabóta, fyrir Péttri Blöndal, alþingis- og formanni efnahags- og skattanefndar Alþingis, í fyrradag.

Það er Rannsóknamiðstöð um samfélags- og efnahagsmál sem gefur bókina út, sem er í ritstjórn Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors og Tryggva Þórs Herbertssonar, forstjóra Aska Capital.

„Þetta er gagnmerkt rit um þann ábata sem þjóðfélög geta fengið af því að lækka skatta,“ sagði Tryggvi Þór. Tvær greinar eru fræðilegs eðlis, önnur eftir nóbelsverðlaunahafann Edward C. Prescott og aðstoðarkonu hans og hin eftir Ragnar Árnason. Tryggvi segir aðrar greinar lýsa raunverulegum aðstæðum. Ragnar segir að allir höfundar séu doktorar í sinni fræðigrein, fimm prófessorar og þrjár forstöðumenn alþjóðlegra rannsóknarstofnana.

„Allir þessir menn vekja athygli á því að frá þeirra sjónarhorni eru tekjuskattar, sérstaklega stigvaxandi tekjuskattar, stór áhrifavaldur um það vinnuframlag sem fólk kysir að inna af hendi yfir ævina. Þar með dregur úr vinnuframlaginu og um leið þjóðarframleiðslunni. Þar með er minna til skiptanna. Þetta er skuggahliðin á skattakerfinu sem má aldrei gleymast, jafnvel þótt við ímyndum okkur að skatturinn sé notaður í góðum tilgangi,“ útskýrir Ragnar.

„Þessi bók er örugglega gott innlegg í þá umræðu sem við eigum alla daga í efnahags- og skattanefnd. Þar leggjum við að sjálfsögðu þann ramma sem atvinnulífið og einstaklingar búa við, aðalrammann sem er skattheimtan. Ég kalla það aðalrammann því skattheimtan er afar mikilvægt tæki í samskiptum borgaranna. Til dæmis er skattheimta fyrirtækja veigamesti þátturinn í ákvörðun um staðsetningu,“ sagði Pétur Blöndal þegar hann tók við fyrsta eintaki bókarinnar.

„Menn þurfa að vera meðvitaðir um það að skattstofninn er eins og klár. Ef við klyfjum klárinn

of mikið með grjóti eða heyi eða hverju sem er, verður hann meira og meira hægfara. Þegar hann er kominn með mörg tonn á bakið þá stoppar hann,“ sagði Pétur. „Það er svipað með atvinnulífið. Þegar byrðarnar eru léttar er klárinn galvaskur og hleypur um allt og dregur allt þjóðfélagið með sér. Ef hlaðið er of mikið á hann kirkur hann undan byrðinni. Það að efla atvinnulífið er um leið lífskjarabót fyrir launþegana, sem geta þá fengið hærri laun og þar af leiðandi borgað hærri skatta og þurfa ekki eins mikið af bótum. Allt hangir þetta saman. Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á því hvar hámarkið á Laffer-kúrfunni sé og passi sig að vera fyrir neðan það.“

„Ég vek athygli á því að það eru athuganir í gangi til að meta þessa svokölluðu Laffer-kúrfu betur hér á Íslandi. Það litla sem við höfum séð af niðurstöðum úr því er það að við séum yfir hámarki varðandi tekjuskatt í það minnsta einstaklinga og sennilega fyrirtækja líka. Enda hefur verið ákveðið að lækka skatt á fyrirtæki og tekjuskattar einstaklinga hafa lækkað,“ sagði Ragnar.

„Punkturinn er kannski ekki bara sá hvar þetta hámark er heldur að við viljum aldrei nokkru sinni fara yfir hámarkið. Ekki einu sinni nálgast það. Það er ekki þar með sagt, þótt við höfum ekki hámarkað skatttekjur ríkissjóðs, að við séum ekki með rétta skattheimtu. Alls ekki. Allir skattar, alveg frá núlli og upp úr, hafa áhrif á vilja og fúsleika fólks til að vinna og þar með á það sem framleitt er í landinu,“ bætti hann við.

Ragnar vakti líka athygli á því í þessu samhengi að hámarkið á Laffer-kúrfunni hefði örugglega lækkað vegna heimsvæðingarinnar. „Allir skattstofnar í dag eru orðnir kvikari en þeir voru. Ekki bara fyrirtæki heldur jafnvel einstaklingar færa búsetu, skattfang, milli landa með tilliti til skatta. Þetta hefur fæst í aukana og eykst örugglega í framtíðinni. Þetta tengist skattasamkeppni sem tvær greinar fjalla um í bókinni, sem annars vegar segja að lönd verði að taka þátt í skattasamkeppni og hins vegar að skattasamkeppni sé góð vegna þess að hún veiti ríkisstjórnun aðhald. Alveg eins og samkeppni milli fyrirtækja á markaði er góð. Æ fleiri greiða atkvæði með fótunum núorðið,“ sagði Ragnar.

ORKA OG IÐNAÐUR

Verðmyndun byggð á tveimur prósentum

„Það er óvíst að þetta nái flugi ef þetta verða bara innbyrðis kaup milli heildsala,“ segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar.

Landsnet stefnir að því að í haust hefjist heildsölumarkaður með raforku. Þetta er gert að norrænni fyrirmynd og gengur þannig fyrir sig að gerð eru kaup- og sölutilboð í raforku, jafnvel á tveggja klukkustunda fresti, allan sólarhringinn. Fyrirkomulagið yrði í sjálfu sér ekki ólíkt verðbréfamarkaði, þar sem stöðug verðmyndun á sér stað.

Þorsteinn Hilmarsson segir hugmyndina góða. „Mér list mjög vel á þetta ef stórir notendur verða virkir á markaðnum.“ Þar vísar Þorsteinn til fyrirtækja eins og Eimskips, Samskips og Baugs. „Það yrði verra ef þetta yrðu bara innbyrðis viðskipti milli heildsala.“

Um 12.000 gígavattstundir voru framleiddar af raforku hérlendis í fyrra. Mikið af því er bundið í langtímasamninga, meðal annars við stóriðju. Þrjár fjórðu framleiðslunnar fara til



ÞORSTEINN HILMARSSON Líkleg stærð heildsölumarkaðar milli eitt og tvö prósent af heildarframleiðslunni.

stóriðju, en fjórðungur á almenntan raforkumarkað.

„Hugmyndin með heildsölumarkaðnum er ekki síst að fá verðmiða á orku í landinu,“ segir Guðmundur Ingi Árnason, aðstoðarforstjóri Landsnets.

Þorsteinn Hilmarsson telur að líkleg stærð á heildsölumarkaði yrði á bilinu 100 til 200 gígavattstundir á ári.

Sé miðað við heildarframleiðslu raforku hér á landi yrði opinbert verð á heildsölumarkaðnum því byggt á einu til tveimur prósentum af framleiðslunni.

- ikh

LANDBÚNAÐUR



VON Á NORSKUM FRÆNDSYSTKINUM Hópur bænda hyggst stofna hlutafélag um innflutning á fósturvísun og sæði norska rauða kúakynsins.

Félag um norska fósturvísa

„Við stefnum að því að stofna hlutafélag um innflutning á norsku fósturvísun og sæði,“ segir Jón Gíslason, formaður Nautgripærktarfélag Íslands.

Hann segir að hópur bænda standi að stofnun félagsins en ekki sé víst hversu margir þeir verði. Til standi að félagið verði til í næsta mánuði. Hugmyndin sé að gera tilraun á um tíu búum, sem eigi að standa í fjögur til fimm ár.

Í framhaldinu verður sótt um leyfi til landbúnaðarráðuneytisins til að flytja inn fósturvísa og sæði úr norska rauða kúakyninu.

„Við gerum ráð fyrir að kostnaður við innflutninginn verði á bilinu tíu til fimmtán milljónir króna,“ segir Jón.

Hann segir að norsku kýrnar bæði mjólki betur og séu þolnari gagnvart sjúkdómum en ís-

lenskar kýr. „Ein af hverjum þremur kúm sem eru felldar er með jógurbólgu, svo ég nefni dæmi,“ segir Jón. Hann segir að ráðherra, með blessun yfirdýralæknis eigi lokaorðið um hvort innflutningurinn verði heimilaður.

„Við förum yfir málið þegar landbúnaðarráðuneytið biður okkur um umsógn,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir. Hann bendir á að um síðustu aldamót hafi verið sótt um innflutning á fósturvísun frá Noregi. Þá hafi embættið talið að áhætta vegna sjúkdóma væri ásætlanleg. Hins vegar varð ekkert af innflutningi þá vegna andstöðu bænda.

Haldór bendir jafnframt á að jógurbólga sé algengur sjúkdómur í mjólkurkúm. Það eigi við hér eins og annars staðar, einnig í Noregi.

- ikh

Hundruðum milljarða sóað í bandarískri hugbúnaðargerð

Bandaríski hugbúnaðarfræðingurinn Ken Rubin telur að hundruð milljarða, jafnvel þúsundir, fari forgörðum í bandarískri hugbúnaðargerð vegna oftrúar á langtímaáætlanir. Kostnaður næstum tvöfaldaðist í yfir helmingi hugbúnaðarverkefna í Bandaríkjunum um miðjan síðasta áratug. *Ingimar Karl Helgason* hitti Rubin að máli og heyrði um aðferðafræði sem ætti að stórdraga úr kostnaði við stór hugbúnaðarverkefni.

„Góðu fréttirnar eru að þetta hefur skánað. En um miðjan tíunda áratuginn fór yfir helmingur hugbúnaðarverkefna 89 prósent fram úr kostnaðaráætlun. Hvað sem fólk hélt að tiltekið verkefni ætti að kosta tvöfaldaðist kostnaðurinn oftast en ekki,“ segir Ken Rubin, forstjóri fyrirtækisins Innolution.

AGILE-AÐFERÐAÐFRÆÐINGUR

Ken Rubin er tölvunarfræðingur að mennt. Hann hefur um árabíl kennt á námskeiðum um svonefnt Agile eða Scrum. Það gengur út á að auka arðsemi í hugbúnaðarvinnu. Hugmyndin er í stuttu máli að tiltekinn aðili sé ábyrgur fyrir arðsemi hugbúnaðarverkefnis allan þróunartímann. Þróunartímanum sé skipt í stutta þætti, stundum nokkrar vikur. Í lok hvers þáttar sé farið yfir kröfugreiningu, hönnun, forritun, prófanir, skjölun og uppsetningu, en hugmyndin er svo að viðskiptavinir geti fengið í hendur prófanlegan, eða nothæfan hugbúnað í lok hvers þáttar. Rubin kom hingað til lands á dögunum og fjallaði um þessi mál hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Spretti.

DREGUR ÚR SÓUN

„Þetta gengur út á að draga úr sóun,“ segir Ken Rubin. „Við búum bara til litla búta af hugbúnaði í einu, í stað þess að ljúka heilu verkefni í einu. Tökum sem dæmi að það taki um það bil ár að ljúka tilteknu verkefni. Við erum miklu líklegri til að skila viðskiptavininum góðri afurð sem virkar, þegar til á að taka, ef við til dæmis skilum honum bútum jafn óðum, jafnvel á tveggja vikna fresti. Þá er hægt að gera úrbæturnar jafn óðum frekar en að sitja kannski uppi með ónýta vöru í lok ársins.“

Ken Rubin segir að nauðsynlegt sé fyrir hugbúnaðarfyrirtæki að vinna mjög náði með viðskiptavininum. „Í Agile-verkefni-

um vinnur þróunarfólkið mjög náði með kaupanda vörunnar allan tímann, og fær viðbrögð á framgang verkefnisins jafn óðum.“

„Taki verkefni tvö ár getur verið mjög fúlt að komast að því við verklok, að það þurfi að breyta einhverju, eða jafnvel byrja á öllu frá grunni.“

ENGAR UPPLÝSINGAR Á FYRSTA DEGI

„Á fyrsta degi liggja minnstar upplýsingar fyrir. Fólk hefur þá minnsta hugmynd um hvernig hin endanlega vara mun líta út. Hvers vegna ætti að taka allar ákvarðanir þá? Það er betra að taka þær jafn óðum, ákveða breytingar og svo framvegis. Þannig má draga úr sóun. Og hvað er sóun? Það er að smíða eitthvað sem þarf að breyta, eða eitthvað sem ekki verður notað.“

Ken Rubin segir sóunina kosta stórfé. „Það er vegna svona hluta sem verkefni fara tugi prósentu fram úr kostnaðaráætlunum. Fólk telur sig vita hvað það ætlar að gera, en svo þarf að breyta því og það kostar peninga. Fólk vill fá eitthvað ákveðið en það var ákveðið ári áður en hægt var að prófa kóðann eða hugbúnaðinn. Þá þarf kannski að stökkva mánuði aftur í tímann til að breyta einhverju sem hægt hefði verið að gera jafn óðum. Það er aldrei hægt að sjá allt fyrir.“

Hann nefnir dæmi úr skýrslu Standish Group þar sem hugbúnaðargerð fyrir farangursfæriband á flugvellinum í Denver fór meira en eina milljón Bandaríkjadala fram úr áætlun á dag.

Rubin segir að Agile-aðferðin komi í veg fyrir þetta. „Stundum gerum við vitleysur. En þá er hægt að bregðast við, og kostnaðurinn verður minni. Það eru meiri líkur á því að verkefniinu ljúki á réttum tíma og viðskiptavinurinn fái það sem hann vildi, auk þess sem það dregur úr kostnaðinum.“



KEN RUBIN Telur að aðferðafræði sín við áætlanagerð í stórum hugbúnaðarverkefnum geti sparað milljarða Bandaríkjadala. MARKAÐURINN/VILHELM

MILLJARÐAR Á MILLJARÐA OFAN En hversu mikill er þessi kostnaður?

„Ef við tökum verkefni sem hreinlega þurfti að hætta við þá erum við að hugsa um hundruð milljarða Bandaríkjadala, jafnvel þúsundir milljarða ef við tökum allt með, líka glötuð tækifæri. Bandarísk stjórnvöld ein eru ábyrg fyrir gríðarlegri sóun. Ekki síður stórfyrirtækin. Í ýmsum verkefnum sem herinn hefur staðið fyrir er sóunin einnig mikil. Og af hverju er það? Verkefni eru mjög stór, tímaflek og flókin. Þarna eru margir þættir sem koma saman, hugbúnaður og vélbúnaður og svo framvegis.“

Hins vegar segir Rubin að nú sé breyting á og fólk sé í meira

mæli að vakna til vitundar um þessa gríðarlegu sóun.

HEFÐBUNDIN ÁÆTLANAGERÐ

Nú er þekkt að bæði kjósendur eða aðrir sem á endanum greiða fyrir ýmis verkefni vilja, og fá, að vita fyrirfram hversu mikið tiltekið verkefni á að kosta. Hvort sem þar er um að ræða byggingar, hugbúnað eða hvað eina. Hvernig á að rökstyðja það fyrir kjósendum, til dæmis, að kostnaðaráætlun, verktími og fleira liggja ekki fyrir?

„Ég hef alveg trú á því að hægt sé að birta mat fyrirfram, en það má líka birta kostnaðinn á tilteknu bili. Það er ekkert verra en að birta kostnaðaráætlun sem allir vita að aldrei stenst. Við erum í raun og veru að bæta

raunveruleikanum við áætlanagerðina. Tökum dæmi. Ég segir viðskiptavininum að ég hyggist ljúka tilteknu verkefni á síðasta ársfjórðungi. Það er frekar rúmt. En næst þegar hann spyr og verkefninu hefur undið fram, þá get ég sagt að ég ljúki verkefniinu í nóvember. Og svo þegar hann enn spyr, get ég sagst munu ljúka verkefninu sjöunda nóvember. Það er algjör vitleysa að ætla að menn geti gefið nákvæm svör við því fyrir fram á hvaða degi menn hyggist ljúka margra ára verkefnum. Í þessu skiptir miklu máli að vera í góðum tengslum við viðskiptavininn, fá viðbrögð hans á þróun mála, gera breytingarnar jafn óðum og geta, eftir því sem á líður, veitt nákvæmari svör.“

Íslendingar fá 21 þúsund tonn í karfa

Sama viðmiðunaraflamark hefur verið lagt til um fyrirkomulag úthafskarfaveiða í ár. Ákvörðun um þetta var tekin á fundi aðildarríkja Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í Kaupmannahöfn fyrr í þessum mánuði.

Lagt er til sama viðmiðunar-



Á TOGVEIDUM Ekki frekar en fyrri ár tókst að ná samkomulagi um heildarstjórnun úthafskarfaveiðanna.

aflamark og í fyrra, eða um 46 þúsund tonn. Ekki náðist samkomulag um heildarstjórnun veiðanna frekar en á undanförunum árum. Aðildarríkin munu því hvert um sig úthluta kvóta til eigin skipa eins og verið hefur. Gert er ráð fyrir að heildarúthlutunin verði því samanlagt nálægt 71.500 tonnum sem er heldur lægra aflamark en í fyrra. Ísland mun úthluta sama kvóta til íslenskra skipa og í fyrra, eða rúmu 21 þúsund tonni. Skráð árleg veiði á úthafskarfa á því svæði sem hér um ræðir hefur verið um og yfir 80 þúsund tonn síðustu árin.

Að mati Landssambands íslenskra útvegsmanna er íslenski kvótinn um 1,6 milljarða króna virði náist allur aflinn. Á undanförunum árum hefur það verið nokkrum vandkvæðum bundið.



EIN KONA VIÐ STJÓRNARBORÐIÐ Stjórn Eimskips situr á fundi. Samkvæmt könnun Viðskiptaháskólans á Bifröst sat fyrir rúmu ári engin kona í stjórnnum 70 af 100 stærstu fyrirtækjum landsins.

SA vill konur í stjórnir

Samtök atvinnulífsins telja að fjölga þurfi konum í stjórnunarstöðum í atvinnulífinu.

Samtökin benda á að aðalfundur og stjórnarkjör séu framundan í mörgum fyrirtækjum. Hlutfall kvenna í stjórnnum stærstu fyrirtækja landsins sé innan við tíu prósent. Ljóst sé að þar halli verulega á konur. Samtökin segja að hlutur kvenna hafi ekki aukist á þessum vettvangi, þrátt fyrir

aukna menntun kvenna og umræðu um þessi mál í samfélaginu.

Samtökin vekja athygli á lista yfir 100 konur sem gefa kost á sér til setu í stjórnnum. Hann var birtur í fjölmiðlum í vikunni. Þá benda þau jafnframt á að listinn sé ekki tæmandi. Konur sem hafi til að bera víðtæka reynslu og þekkingu til stjórnarsetu séu miklu, miklu fleiri.

Samkvæmt könnun Viðskiptaháskólans á Bifröst fyrir rúmu ári sat engin kona í stjórn 70 af 100 stærstu fyrirtækjum landsins.

Norðmenn hafa sett lög um kynjakvóta sem gengu í gildi um áramótin. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra útilokar ekki sambærilega löggjöf hérlandis. Norsku lögin eru til skoðunar hjá ESA, eftirlitsstofnun EFTA.

DAÐUR Í LÍFI

Helgu Björk Eiríksdóttur forstjóra INNOVA

7.00 Dreif mig í World Class Spönginni áður en annað heimilisfólk var komið á fætur. Nett tilraun til að gerast A-manneskja.

8.00 Morgunmatur með syninum sem mætir seinna í skólann á föstudögum. Sturtan.

9.00 Tölvupósturinn og dagblöðin. Nokkur símtöl tekin. Kaffi með.

10.00 Hitti Guðbjörgu Magnúsdóttur, innanhússarkitekt, vegna nýrra höfuðstöðva INNOVA og JB Byggingafélags að Hlíðasmára 6 í Kópavogi sem hún hannaði af alkunnri snilld. Verið er að leggja lokahönd á húsnæðið og við flytjum inn í næsta mánuði.

11.00 Hitti stjórnendur og nokkra starfsmenn JB í Kópavogi. Fórum yfir ýmis mál.

12.15 Ljósmyndarinn smelti mynd af mér með iðnaðarmönnum sem vinna hörðum höndum við að ljúka framkvæmdum í nýja húsnæðinu okkar. Í Hlíðasmáranum er gott útsýni til allra átta og við getum fylgst með ýmsum framkvæmdum okkar beint út um gluggann.

12.30 Amokka. Fundur með eiganda INNOVA um nokkur áráðandi mál. Borðað og talað. Hittum einnig aðila sem buðu okkur að taka þátt í verkefni með þeim.

13.30 Fundur hjá Vilborgu Önnu Björnsdóttur, grafískum hönnuði, sem er að vinna útlitsteikningar fyrir INNOVA.

14.30 Loksins komin aftur fyrir framan tölvuna. Smá tími fyrir símann, tölvupóstinn og aðra vinnu.

16.45 Strákurinn græjaður á fótboltaæfingu.

17.00 Brunað í Borgartún 26 þar sem VBS fjárfestingarbanki bauð viðskiptavinum til veislu í glæsilegu húsnæði sem bankinn er nýfluttur inn í. Til lukku!

19.30 Food & Fun með nánustu samstarfsmönnum mínum í INNOVA ásamt mökum.



HELGA BJÖRK EIRÍKSDÓTTIR Fer yfir málin í nýjum höfuðstöðvum ásamt iðnaðarmanni. MARKAÐURINN/GVA

Stöðutákn og merki velmegunar

Armbandsúr eru af öllum stærðum og gerðum. Óli Kristján Ármannsson komst að því í spjalli við tvo af helstu úrasölum landsins að í viðskiptalífínu er í auknum mæli horft til armbandsúra við fyrstu kynni, ekki síður en til þess hvort viðkomandi sé í burstuðum skóm og snyrtilega til fara.

Efnahagsþrengingar og fjármálaórói hafa ekki enn sett mark sitt á verslun með armbandsúr, að sögn Sævars Jónssonar, eiganda Leonard í Kringlunni. „En svo veit maður svo sem ekki hvar fólk byrjar að skera niður, eða hvað þetta ástand varir lengi,“ segir hann. Frank Michelsen úrsmiður, sem meðal annars selur Rolex-úr, segir hins vegar þreifingar hafa minnkað með lækkandi hlutabréfaverði í haust. „En að sama skapi hefur verið meira um alvörumenn að kaupa. Allt fram að verðbrefahruni í haust hefur hins vegar verið mikill uppgangur í þessari verslun með auknum umsvifum í fjármála-geiranum,“ segir Frank.

Báðir telja þeir Sævar og Frank ljóst að úrið sé eitt af því sem litið sé til við fyrstu kynni í viðskiptalífínu og jafnvel utan þess. Þessi háttur sé hafður á í útlöndum og hans verði í auknum mæli vart hér heima. „Oft eru úrin eins og punkturinn yfir i-ið. Fólk tekur kannski fremur eftir þessu þegar það fer á fundi í útlöndum. Þá er viðkomandi svona „skannaður“ á þremur til fjórum þegar hann er að hitta fólk í fyrsta skipti. Horft er á hvort skórnir séu ekki vel burstaðir og svo hvernig úrið er,“ segir Frank og telur geta skipt miklu máli í útlöndum að vera með rétta úrið eftir aðstæðum. „Og hér er þetta að koma. Menn gera sér grein fyrir því að þótt þú keyrir á upphækkuðum LandCruiser 200 eða tuttugu milljóna króna Range Rover, þá fer það illa saman við að vera með ódýrt plastúr.“

Sævar telur líka að menn smitist af umhverfi sínu. „Fari menn mikið á fundi í útlöndum sjá þeir að þar bera allir alvöru úr,“ segir hann og telur að gróflega megi skipta þeim sem kaupir fínni úr upp í tvo hópa. „Annars vegar eru þeir sem eru að kaupa fyrsta fína úrið. Þeir kaupa kannski tegund sem flestir þekkja. Svo eru aðrir sem eru meiri þælarar, lesa mikið af erlendum blöðum og þar fram eftir götunum. Þeir velja gjarnan úr af tegund sem minna er framleitt af, en kosta mun meira. Það eru úr sem almenningur veit ekkert hvað er,“ segir hann.

Báðir segja jafnt gilda um konur og karla um mikilvægi þess að bera gott armbandsúr, þótt tilhneigingin kunnist vera meira áberandi hjá karlönnum, enda séu úr einn af fáum skartgripum



SÆVAR JÓNSSON, EIGANDI LEONARD Sævar segir verslun með armbandsúr ekki enn merkja niðursveiflu í efnahagslífinu, en uppgangur hefur verið í verslun með úr samhliða hröðum vexti fjármála-geirans hér. MARKAÐURINN/ANTON



FRANK MICHELSEN ÚRSMIÐUR Í verslun Franch Michelsen við Laugaveg fást Rolex-úrin viðfrægu. Frank segir eðlilegt að meta verðgildi fínna úra í tengslum við að þau kosti álíka og góður dekkjagangur á felgum undir meðaljeppa. MARKAÐURINN/STEFÁN

sem þeir geti borið, fyrir utan bindisnælu, ermahnappa og giftingarhring. „En nú eru konur líka farnar að vera mun sterkari í atvinnulífínu og þær vita alveg hvað þær vilja,“ segir Frank.

Vegleg armbandsúr eru hins vegar ekki alveg gefin og skýrir það líka hvers vegna litið er til úranna sem stöðutákns. Frank vill hins vegar ekki gera of mikið úr verðinu. „Gott úr kostar svona svipað og þökkalegur dekkjagangur á felgum undir meðaljeppa. Og endist betur, því á einu úri getur þú farið í gegnum tuttugu Range Rover,“ segir hann og hlær. Verð á góðum Rolex-úrum er hins vegar tæp 400 þúsund, en flestir sem á annað borð versla í þessum flokki segir Frank kaupa úr sem kostar á bilinu 500 til 1.500 þúsund krónur. Síðan eru líka til mun dýrari útgáfur. „Fyrir jólin var ég hér með úr sem kostuðu 2,7 milljónir króna og þau kláruðust öll.“

Sævar segir sömuleiðis verðbilið í armbandsúrum alveg upp úr og niður úr. Gullúr segir Sævar seljast minna, enda fari þau betur á dekkri húð en hvítri húð eins og hér sé yfirgnæfandi. „Enda eru hér flestar konur með hvíttagullsúr.“ Úrin sem mestur áhugi er á hjá Sævari segir hann vera Breitling og frá IWC sem séu minna framleidd, án þess þó að vera svo miklu dýrari. Aukinheldur hefur verið mikill uppgangur í Tag Heuer-úrum, enda mikið lagt upp úr kynningu á þeim. „Svo erum við að fá inn mjög flott merki, eitt af toppunum í heiminum, sem heitir Breguet. Það eru klassísk úr og eitt elsta úramerki í heimi.“ Sævar segist fremur sérpanta dýrustu úrin en liggja með þau á lager, þótt í versluninni sé að finna úr upp í um eina og hálf milljón króna.

FRÍSTUNDIN

Hvergi betra útsýni

„Vinnan á það til að trufla þetta, það verður að segjast eins og er,“ segir Sveinn Ásgeirsson, verkefnastjóri hjá Endurvinnslufyrirtækinu Hringrás. Hann hefur flogið svifdrekum og fisflugvélum í þrjú áratugi.

Hann er stofnfélagi í Fisfélagi Reykjavíkur og hefur tekið þátt í starfi Flugsafnsins á Akureyri. „Ég hef notið mikils velvilja þar. Þar er gríðarleg gróska um þessar mundir.“

Sveinn fékk áhuga á svifdreka og fisflugi áður en hann varð tvítugur. „Ég sá blágrein um svifdreka þegar ég var átján ára. Hún var eftir Hálfán Ingólfsson á Ísafirði. Ég fór beint af stað og gróf hann upp. Hafði haft uppi á

þremur með þessu nafni áður en ég fann hann. Hann kom mér af stað í þessu,“ segir Sveinn.

Hann segir að ákveðna menntun þurfi til að fljúga físi, sem segja má að sé vélknúinn svifdreki. „En það þarf ekki eins mikið og til að fljúga flugvél.“

Sveinn segist hafa farið í margar ferðir á fisinu og minnst skemmtilegrara hópfarar í fyrrasumar. „Ég flaug norðan frá Akureyri og suður í Húsafell, og þaðan suður fyrir Langjökul á Flúðir. Þar hitti ég félagana. Við vorum þarna saman á ellefu fisum og fórum upp í Kverkfjöll og á Hrauneyjarfoss. Síðan flugum við niður með Þjórsá áður en hver hélt í sína áttina.“

Sveinn hefur einnig farið til Bretlands og Frakklands til að fljúga fisinu. „Þá er maður bara uppi í fjöllum eða úti í sveit.“

Sveinn segir að öryggi skipti miklu máli í fisflugi. Aldrei sé flogið nema veður leyfi. Og börnin hefur hann tekið með sér á fisinu. „Ég á þrjú og þau hafa öll komið með mér.“

En hvað er það við físið sem heldur svona fast í hann? „Það er gaman að fljúga og glíma við eiginleika tækisins. Þetta er frekar hægt flug og flughæðin ekki mikil. Þess vegna getur verið svo gott að vera í temmlegri hæð og njóta útsýnisins. Við sjáum meira en gengur og gerist í flugi. Það er hvergi betra útsýni.“ - íkh



SVEINN ÁSGEIRSSON Á FISINU Í símanum enda er vinnan alltaf að trufla áhugamálið.

ALÞJÓÐLEGT MBA-NÁM Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

- Alþjóðlegur hópur framúrskarandi kennara frá viðskiptaháskólum beggja vegna Atlantshafsins sem raða sér í efstu sæti í alþjóðlegum samanburði á MBA-námi
- Námið er sambærilegt því besta sem býðst í erlendum háskólum
- Fjölbreyttur hópur öflugra nemenda
- Allt námið fer fram á ensku
- Sterk tengsl við atvinnulífið
- Áhersla á sérfræðipekkingu, persónulega færni og alþjóðlega færni



95% MBA-nemenda við HR segja að námið hafi gert þá hæfari og betri í starfi.

91% MBA-nemenda við HR segja að námið hafi aukið möguleika þeirra á vinnumarkaðnum.*

95% of MBA students in RU agreed that the MBA improved them as employees.

91% of MBA students in RU agreed that the MBA improved their opportunities on the job market.*

*Samkvæmt könnun meðal allra útskrifaðra nemenda frá 2002 til 2007.

*According to a survey conducted amongst all graduated MBA students from the year 2002 - 2007.

MEÐAL KENNARA ERU / FACULTY INCLUDES:

Ahmad Rahnema, IESE Business School
Allen Michel, Boston University
Ashley Braganza, Cranfield University
David Griswold, Boston University
Eric Weber, IESE Business School
Gerard Seijts Richard, Ivey School of Business
Joe Pons, Axioma Marketing
Kristín Friðgeirsdóttir, London Business School
Marc Sachon, IESE Business School
Martha Maznevski, IMD
Murray Bryant, Ivey School of Business
Paul Kearns, Personnel Works Ltd
Patrick Turner, Insead Business School

Fyrri umsóknarfrestur er til 7. apríl og sá síðari til 30. maí.

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Allar nánari upplýsingar á www.hr.is/mba

Application deadlines are on the 7th of April and 30th of May.
To apply and for further information go to www.ru.is/mba

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

BANKAHÓLFID

Á skíðum

Stjórnendur bankanna keppast nú við að gefa út yfirlýsingar um niðurskurð útgjalda. Búið er að taka fyrir að starfsmenn Kaupþings og Glitnis, þessir lægra settu, ferðist um á Saga Class sé þess kostur. Nú verða starfsmenn bankanna sem sagt að fljúgja með almúganum. Einnig hefur verið hætt við áður skipulagðar ferðir hjá Glitni, til dæmis til Cannes. Landsbankamenn standa þó keikir, enda segjast þeir vera í sérstöðu. Sátt til Sigurjóns Árnasonar bankastjóra á skíðum í Ölpunum fyrir stuttu ásamt hópi viðskiptavina.

Þá sóttu Landsbankamenn og -vinir frægt grímuball í F e n e y j u m . Gamla góða lífið er ekki búið hjá öllum á þ e s s u m síðustu og v e r s t u tímum.



Sprengjuhöllin

Á þenslutímum hefur líklega ekkert verið skemmtilegra fyrir Davíð Oddsson seðlabankastjóra en að horfa á tónlistarhúsið rísa fyrir utan glugga Seðlabankans. Framkvæmdin mun kosta skattgreiðendur 600 milljónir á ári næstu 35 árin. Ákvörðun um húsið var ekki beint til að slá á verðbólguna og efnahagsvandann. Nú er búið að opna fyrir samkeppni um nafn á húsið. Nokkrar tillögur hafa borist Markaðnum. Útgjaldahöllin, Dómsdagshvelfingin, Spillingardósin, Björgúlfshöll, Legsteinninn og Skattfónihús eru allt tillögur sem komnar eru í pottinn. Kannski að það eigi bara að vera skilti fyrir utan sem segir: „Minnismerkið um hinn skattþinda mann.“

Ekkert bruðl

Markaðssérfræðingar furða sig á að Kaupþing skuli ítrekað lenda efst á blaði yfir þau fyrirtæki sem fólk hefur neikvætt viðhorf til samkvæmt könnun Frjálsrar verslunar. Rúm sjö prósent aðspurðra nefndu Kaupþing þegar spurt var um neikvætt viðhorf til fyrirtækis. Kannski er það vegna þess hve bankinn er stór? Hins vegar hefur bankinn reynt að bæta ímyndina og bauð til dæmis þjóðinni á tónleika síðasta sumar. Þeir klúðruðust hálfpartinn þegar Stuðmenn mættu í Kraftwerk-skapi. Ódýr íbúðalán á sínum tíma breyttu líka litlu. Nú, eða bara ágæt þjónusta. Bónus trónir langefst á toppnum yfir þau fyrirtæki sem jákvæð viðhorf ríkja til. Í ljósi niðurskurðar ætti Kaupþing kannski að taka upp slagorð Bónuss. Kaupþing – ekkert bruðl.



2,50

krónur kostar að slá einnar krónu myntpening að því er Alfreð Sigfússon, rekstrarstjóri Seðlabankans, hefur upplýst. Sláttan hefur orðið dýrari vegna hækkana á verði málma.

1,4

milljarðar króna, rétt tæpir, var hagnaður móðurfélags Atorku Group á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Alls hagnaðist félagið um 8.141 milljón króna á árinu öllu eftir skatta.

1,1

prósent er eignarhlutur sá sem Danske Bank er skráður fyrir í FL Group. Þá er bankinn skráður fyrir ríflega tveggja prósent hlut í Existu og tveimur prósentum í SPRON.

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Sauðárkrúkur | Akureyri | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Selfoss | Reykjanesbær

Meiri tíma?

Við höfum liðsinnt fjölda kröfuharðra fyrirtækja

við tímafreka innheimtu viðskiptakrafna með góðum árangri.

Komdu með þitt tímaleysi - síminn er **440 7770**.

intrum  **justitia**

VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA

www.intrum.is



Það er svalt á toppnum

Besta ávöxtunin 2007*
Alþjóðleg hlutabréf – markaðir

spron
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is